



.....
F I S K I S T O F A

Starfsskýrsla 2010

Fiskistofa Hafnarfirði 2011

Ljósmyndir:

Birgir Þorbjarnarson, Björgvin Guðmundsson, Guðmundur Ingólfsson,
Hannes Andrésson, Heimir S. Karlsson, Sigurpáll Sigurbjörnsson,
Sumarliði Óskarsson, Sævar Guðmundsson, Shutterstock.

Prentvinnsla:

Oddi ehf, umhverfisvottuð prentsmiðja,

Efnisyfirlit

1. Formáli fiskistofustjóra	4
2. Skipulag og starfsemi	5
2.1 Skipulag	5
2.2 Rafræn og gagnsæ stjórnsýsla	7
2.3 Gæðamál	7
3. Veðiðeyfi og heimildir	9
3.1 Veðiðeyfi	9
3.2 Aflaheimildir	9
3.3 Sala aflamarks	11
4. Afli, kvótaávilnanir og aflaverðmæti	13
4.1 Aflaskáningar	13
4.2 Afli og kvótaávilnanir	13
4.3 Aflaverðmæti	14
5. Fiskveiðieftirlit	15
5.1 Eftirlit á sjó og í landi	15
5.2 Vinnsluskip	15
5.3 Skyndilokanir	16
5.4 Vigtun og skráning sjávarafla	16
5.5 Eftirlit með útflutningi á ferskum fiski í gámum	16
5.6 Eftirlit með veiðum á uppsjávarfiski	17
5.7 Strandveiðar	17
5.8 Eftirlit með hvalveiðum	18
5.9 Eftirlit með lax- og silungsveiðum	19
5.10 Fiskeldi	19
5.11 Bakreikningar	19
6. Útflutningur	21
6.1 Lönd og magn	21
6.2 Fjölnet	22
6.3 Veiði- og vinnsluvottorð	22
7. Lax- og silungsveiði	23
7.1 Málefni veiðifélaga og fiskræktarsjóðs	23
7.2 Veiðiskýrslur og staða laxa- og silungastofna	23
7.3 Nýtingaráætlanir	23
7.4 Fiskræktarmál og undanþágur	24
7.5 Mannvirkjagerð og efnistaka	24
7.6 Umsagnir vegna skipulagsmála	24
7.7 Veiðar laxfiska í sjó	25
7.8 Gagnabanki um fiskmerkingar	25
7.9 Fjölbjórða rannsóknir á lóxum í sjó	25
8. Meðferð mála og úrskurðir	27
8.1 Leyfissviptingar	27
8.2 Álagning og innheimta sérstaks gjalds vegna ólögmeats sjávarafla	27
8.3 Leyfissviptingar vegna umframafla	28
8.4 Fyrirspurnir og CITES	28
9. Starfsmannamál	29
9.1 Starfsmannaþróun	29
9.2 Staðreyndir um starfsmenn	29
9.3 Sérverkefni sumarið 2010	30
9.4 Starfsnám	30
10. Samstarf	33
10.1 Innlent samstarf	33
10.2 Samstarf á alþjóðavettvangi	33
11. Tæknimál og hugbúnaðargerð	35
12. Rekstraryfirlit	37
13. Starfsmenn Fiskistofu 31. desember 2010	38

1. Formáli fiskistofustjóra

Það er markmið Fiskistofu að hafa skilvirka og örugga stjórn á fiskveiðum í sjó, ám og vötnum, sem og á hvalveiðum og fiskeldi ásamt því að veita hagsmunaaðilum og almenningi góða og skjóta þjónustu og áreiðanlegar upplýsingar um hvaðeina sem að þessum viðfangsefnum lýtur. Starfsfólk Fiskistofu hefur unnið ótulllega að því að ná þeim markmiðum á árinu 2010 eins og jafnan áður. Þrátt fyrir umfangsmikinn niðurskurð tókst að reka Fiskistofu innan þess fjárhagsramma sem stofnuninni var settur, líkt og á öllum þeim árum sem liðin eru frá því að stofnunin var sett á laggirnar.

Í upphafi árs 2010 voru gerðar umfangsmiklar breytingar á skipulagi Fiskistofu en þá voru veiðieftirlits- og veiðiheilmildasvið sameinuð í eitt svið, fiskveiðistjórnunarsvið. Einnig var lögfræðisvið lagt niður og þeir tveir lögfræðingar sem þar höfðu starfað voru færðir á fiskveiðistjórnunarsvið en forstöðumaður lögfræðisviðs varð yfirlögfræðingur Fiskistofu. Jafnframt var stofnað sérstakt starfsmanna- og gæðasvið sem hefur yfirumsjón með starfsmanna- gæða- og skjalamállum Fiskistofu auk innra eftirlits. Þessar skipulagsbreytingar miða meðal annars að því að auka möguleika á samþættingu verkefna og/eða flutningi verkefna milli starfsmanna, gera starfsemina markvissari og skilvirkari og minnka yfirbyggingu.

Samstarf stofnana er gríðarlega mikilvægt og víða er með virku samstarfi hægt að stuðla að aukinni hagkvæmni og skilvirkni. Í nóvember 2010 gerðu

Fiskistofa og Tollstjóri samstarfssamning með það að markmiði að efla og styrkja samstarf stofnanna á vettvangi eftirlits með inn- og útflutningi á sjávarafurðum. Stefnt er að því m.a. að halda sameiginleg námskeið til að auka færni starfsfólks og einnig er með samningnum stefnt að því að einfalda skýrsluskil fyrir útflytjendur. Fiskistofa hefur einnig átt mjög gott samstarf við Landhelgisgæslu Íslands sem m.a. felst í sameiginlegu eftirliti með veiðum á grunnslóð. Haldnir eru reglulegir samráðsfundir til að viðhalda og styrkja þetta ágæta samstarf. Fiskistofa hefur einnig unnið markvisst að því að byggja upp og styrkja samstarf við lög- regluembættin á landinu. Þá er í undirbúningi samstarfssamningur á milli Fiskistofu og Matvæla- stofnunar en verkefni þessara stofnana skarast víða, sérstaklega á sviði eftirlits.

Í október síðastliðnum tók undirritaður við starfi fiskistofustjóra en Árni Múli Jónasson lét af því starfi er hann tók við starfi bæjarstjóra Akranesbæjar í september 2010. Fiskistofu hefur frá upphafi verið stýrt af hagsýni, öryggi og myndarskap og því var við góðu búi að taka. Það hefur einnig verið gott að vinna með öllu því fjölbæfa, duglega og samviskusama fólki sem starfar á Fiskistofu og vil ég þakka því öllu og Árna Múla, fyrirrennara mínum, fyrir ákaflega ánægjulegt samstarf og samskipti.

Hafnarfirði, 25. janúar 2011
Eypór Björnsson,
fiskistofustjóri

Starfsfólk Fiskistofu um áramótin 2009 - 2010



2. Skipulag og starfsemi

2.1 Skipulag

Fiskistofa er sjálfstæð stjórnsýslustofnun sem heyrir undir sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og gegnir mikilvægu hlutverki við að stuðla að ábyrgri og hagkvæmri nýtingu fiskistofna og hvala. Lykilþættir í ábyrgri nýtingu auðlinda eru styrk stjórnun og virkt eftirlit. Hlutverk Fiskistofu er að annast framkvæmd laga og reglna um stjórn fiskveiða í sjó og fersku vatni. Jafnframt er hlutverk Fiskistofu að annast stjórnsýslu og eftirlit á sviði fiskeldis, ásamt söfnun, úrvinnslu og útgáfu upplýsinga varðandi sjávarútveg, fiskeldi, lax- og silungsveiðar og hvalveiðar.

Eins og sjá má á skipuritinu hér til hliðar þá byggðist starfsemi Fiskistofu á árinu 2010 upp af þremur kjarnasviðum og fjórum stoðsviðum. Kjarnasviðin eru fiskveiðistjórnunarsvið, lax- og silungsveiðisvið og upplýsingasvið. Stoðsviðin eru fjármála- og rekstrarsvið, starfsmanna- og gæðasvið, tölvusvið og yfirlögfræðingur.

Fiskveiðistjórnunarsvið varð til við sameiningu tveggja sviða, veiðieftirlitssviðs og veiðheimilda-sviðs auk þess sem tveir lögfræðingar af lögfræðisviði voru samhlíða sameiningunni fluttur yfir á hið nýja svið. Þá var á árinu stofnuð ný deild, fiskeldisdeild, innan sviðsins sem líkt og nafnið gefur til kynna fer með málefni sem lúta að fiskeldi. Um áramótin voru starfsmenn sviðsins 43 með starfsstöðvar á 7 stöðum um landið (Hafnarfjörður, Akureyri, Grindavík, Höfn, Ísafjörður, Stykkishólmur og Vestmannaeyjar), auk þess sem 2 eftirlitsmenn eru í Bretlandi við eftirlit með afla sem fluttur er á markað í Hull og Grimsby. Meirihluti starfsmanna sviðsins, um 30 talsins, sinna veiðieftirliti sem fer fram á sjó og í landi. Haft er eftirlit með veiðum íslenskra og erlendra skipa í lögsögunni og veiðum íslenskra skipa utan lögsögunnar.

Sviðið annast einnig útgáfu veiðileyfa, úthlutun aflaheimilda til íslenskra skipa og erlendra skipa í íslenskrri lögsögu, staðfestir flutning aflaheimilda á milli fiskiskipa og hefur eftirlit með aflaheimildastöðu þeirra. Þá eru gefin út leyfi til vigtunaleyfishafa, rekstrarleyfi til fiskeldis og haldið utan um rafræna framleiðsludagbók fiskeldis.

Á sviðinu fer enn fremur fram rannsókn brotamála og þar eru eftir atvikum teknar ákvarðanir um beitingu viðurlaga ásamt bakreikningsrannsóknum. Þá hefur starfsfólk á sviðinu margvísleg samskipti og samstarf við Landhelgisgæsluna og Hafrannsóknastofnunina sem og við erlend fiskveiðistjórnvöld og fjölþjóðlegar stofnanir á því sviði, s.s. NEAFC, NAMMCO og NAFO.



Í lok ársins 2010 voru 2 starfsmenn á **lax- og silungsveiðisviði**. Meginverkefni sviðsins er að stuðla að sjálfbærri nýtingu laxfiska í ám og vötnum og vernda búsvæði þeirra í samvinnu við eigendur veiðiréttar og veiðifélög. Í því skyni eru haldnar skrár um ár og vötn og eigendur veiðiréttar og rétt-hafa til silungsveiða í sjó og settar reglur um þær veiðar. Sviðið stuðlar að uppbyggingu veiðifélaga, staðfestir samþykktir og arðskrár, samþykkir fiskræktar- og nýtingaráætlanir veiðifélaga og staðfestir stangafjölda í lax- og silungsveiðum. Enn fremur safnar það skýrslum um veiði laxfiska í ám og vötnum og sjó í samvinnu við Veiðimálastofnun gefur út ýmis leyfi og heimildir og sinnir stjórnvaldsverkefnum tengdum málefnum lax- og silungsveiði.

Starfsmenn á **tölvusviði** voru 12 í árslok. Sviðið skiptist í tvær deildir, hugbúnaðardeild og kerfisdeild. Auk Fiskistofu þjónar sviðið Hafrannsóknastofnuninni, Skrifstofu rannsóknastofnana atvinnuveganna og Verðlagsstofu skiptaverðs. Hugbúnaðardeildin hefur með höndum nýsmíði og viðhald á hugbúnaði fyrir Fiskistofu og Hafrannsóknastofnunina en kerfisdeildin sér um uppsetningu búnaðar og hefur umsjón með netlögnum, netbúnaði ásamt hugbúnaði fyrir vinnustöðvar og miðlara og hefur samskipti við tæknideildir vélbúnaðarsala auk þess að sinna kerfisforritun og kerfisstjórn. Kerfisdeildin sér um margvíslega þjónustu við notendur og hefur samskipti við löndunarhafnir vegna aflaskráningarkerfis Fiskistofu og löndunarhafna (GAFL). Kerfisdeildin sér jafnframt um gagnasafnsstjórnun og ber ábyrgð á varðveislu tölvugagna.



Á **upplýsingasviði** voru 9 starfsmenn í árslok 2010, þar af einn starfsmaður ráðinn tímabundið og einn starfsmaður í launalausni leyfi. Stöðugildi á upplýsingasviði eru 7,3 og jukust um 0,5 2010. Þrjú ný verkefni fluttust til upplýsingasviðs á árinu. Þar þar fyrst að nefna útgáfu veiði- og vinnsluvottorða vegna útflutnings afla og afurða sem flutt eru á markaðssvæði ESB sem er nýtt verkefni á Fiskistofu. Auk þessa fluttust verkefni frá þáverandi lögfræðisviði til upplýsingasviðs en það eru verkefni tengd útgáfu á CITES vottorðum og álagning gjalds vegna ólögsmæts sjávaraflla. Samhliða þessu sinnir starfsfólk sviðsins sem áður söfnun, skráningu, úrvinnslu og dreifingu upplýsinga um veiðar, afla og aflaverðmæti íslenskra skipa frá löndunarhöfnum, fiskvinnslum, útflytjendum, skipstjórum (afladagbækur) og fleirum. Sann- og gæðaprófun gagna fer fram á upplýsingasviði. Önnur verkefni sviðsins eru úrvinnsla fyrirspurna, vinnsla kynningarefnis og annars efnis til miðlunar, umsjón með vef Fiskistofu og fleira.

Starfsmenn á **starfsmanna- og gæðasviði** voru 3 í árslok 2010. Sviðið ber ábyrgð á að meðferð og afgreiðsla starfsmannatengdra mála sé fagleg og er stjórnendum stofnunarinnar til aðstoðar og stuðnings í daglegum verkefnum og viðfangsefnum á sviði starfsmannastjórnunar. Starfsmanna- og gæðasvið hefur yfirumsjón með gæðakerfi Fiskistofu en kerfið er notað til að tryggja að unnið sé faglega og á samræmdan hátt að þeim verkefnum

sem stofnunin ber ábyrgð á. Auk þess hefur starfsmanna- og gæðasvið yfirumsjón með skjalamálam Fiskistofu og veitir öðrum sviðum stofnunarinnar aðhald og stuðning til að tryggja fyrirmyndar skjalastjórnun hjá Fiskistofu. Sviðið hefur jafnframt umsjón með innra eftirliti hjá stofnuninni.

Í lok árs voru 5 starfsmenn á **fjármála- og rekstrarsviði**. Sviðið hefur umsjón með því fé sem Fiskistofa hefur til umráða og fylgist með að rekstur stofnunarinnar sé innan fjárheimilda. Undir sviðið fellur umsjón með innheimtu sértekna Fiskistofu, innkaup á vöru og þjónustu og frágangur reikninga. Enn fremur sinnir fjármálasvið innheimtu veiðigjalds, sem rennur í ríkissjóð sem og innheimtu gjalda af veiðitekjum veiðifélaga og veiðiréttarhafa. Auk þess sér fjármála- og rekstrarsvið um bókhald fyrir Fiskiræktarsjóð. Undir sviðið fellur einnig símavarsla stofnunarinnar, almennur rekstur skrifstofu og mötuneytis svo og umsjón með húsnæði og farartækjum stofnunarinnar.

Við skipulagsbreytingar á árinu tók forstöðumaður þáverandi lögfræðisviðs við starfi yfirlögfræðings Fiskistofu. **Yfirlögfræðingur** er lögfræðilegur ráðgjafi forstöðumanna allra sviða Fiskistofu og fiskistofustjóra um mál er heyra undir sviðin og verkefni er fiskistofustjóri felur honum til meðferðar. Hann er einnig lögfræðingur á fiskveiðistjórnunarsviði til ráðgjafar um lögfræðileg atriði er varða mál sem þeir fara með og hann getur gefið fyrir-

mæli um lögfræðilega úrlausn einstakra mála og ber ábyrgð á meðferð kærumála á stjórnslustigi vegna ákvarðana Fiskistofu og annast samskipti við dómstóla, umboðsmann Alþingis, ríkislögmann, ríkislögreglustjóra og ríkissaksóknara vegna mála Fiskistofu.

2.2. Rafræn og gagnsæ stjórnsýsla

Í upphafi árs var farið í stefnumótunarvinnu undir yfirskriftinni rafræn og gagnsæ stjórnsýsla Fiskistofu. Skipaður var sérstakur verkefnahópur starfsmanna Fiskistofu til að setja markmið vinnunnar og skilgreina verkefni sem hefðu það sameiginlega markmið að auka rafræna þjónustu og meðferð mála hjá Fiskistofu og auka gagnsæi í störfum stofnunarinnar. Auk þess var auglýst eftir hugmyndum frá hagsmunaaðilum í verkefnið á vef stofnunarinnar. Skilgreind var framtíðarsýn Fiskistofu í rafrænni og gagnsærri stjórnsýslu og er hún svohljóðandi:

Fiskistofa ætlar að vera fyrirmynd fiskveiðistjórnunarstofnana hvarvetna í heiminum í nýtingu upplýsingatækni í þjónustu og samskiptum við hagsmunaaðila og almennig og vera í hópi 5 framsæknustu stjórnsýslustofnana á Íslandi í rafrænni og gagnsærri stjórnsýslu.

Mikið af hugmyndum komu fram og skilgreindur var listi með yfir 60 verkefnum úr þessum hugmyndum. Verkefnalistinn þróaðist þó svo að nokkur verkefni voru sameinuð og er heildarfjöldi verkefna því öllu færri. Það markmið var sett að ljúka öllum skilgreindum verkefnum innan þriggja ára. Verkefnum var forgangsraðað eftir mikilvægisröð og flækjustigi. Auk þess var ráðist í ítarlega greiningu á lagalegum álitæfnum um auðkenningu í rafrænum samskiptum við Fiskistofu og er niðurstöðu þeirrar greiningar að finna í sérstakri skýrslu á vef Fiskistofu. Þá var farið í greiningu á því hvaða lagabreytingar þurfi að eiga sér stað vegna breytinga sem kunna að verða í framkvæmd við rafræna afgreiðslu mála og söfnun upplýsinga.

Mörgum smáum og lítt sýnilegum verkefnum sem skilgreind voru í þessari stefnumótun var lokið á árinu. Af stærri verkefnum var eftirfarandi verkefnum lokið:

- Veffyrirspurnarform fyrir afla allra tegunda eftir skipum og umbeðnu tímabili.
- Gerður var miðlægur gagnagrunnur fyrir gögn sem safnað er á lax- og silungsveiðisviði.
- Útbúið var kerfi fyrir rafræn skil á veiðibókum úr ám landsins sem gerir

veiðifélögum kleyft að skila aflatölum daglega í stað lok tímabils

- Skilgreint var verklag fyrir rafræn samskipti í brotamálum sem nú er boðið upp á.
- Útbúið var vefform fyrir kvartanir og ábendingar og skilgreint verklag við meðhöndlun þeirra.
- Sett var upp vefsíða með algengum spurningum og svörum varðandi málaflokka undir stjórn Fiskistofu.
- Skilgreint var verklag og hafin birting á vef á svörum fyrirspurna sem starfsfólk Fiskistofu sérvinnur að beiðni utanaðkomandi aðila.
- Gerð var greining og tillögur til ráðuneytis að lagaheimildum fyrir gjaldtöku fyrir vinnslu upplýsinga og tenginga í gagnagrunna Fiskistofu.
- Allar stefnur Fiskistofu voru gerðar aðgengilegar á ytri vef stofnunarinnar og settar voru siðareglur starfsmanna sem jafnframt eru aðgengilegar á vefnum.

Auk þess hófst vinna við nokkur verkefni sem taka lengri tíma í framkvæmd og er ætlað að ljúka á starfsárinu 2011. Ber þar helst að nefna vinnu við rafræn eyðublöð og umsóknir og upplýsingagátt fyrir útgerðir, nýjar enskar vefsíður, innri vef fyrir starfsfólk Fiskistofu, málaskrárkerfi, úrbætur á s.k. vigtar- og ráðstöfunarskýrslukerfi Fiskistofu og þróun vefforma til skýrsluskila, svo og þróun vefforma fyrir framleiðsluskýrslu í fiskeldi.

2.3 Gæðamál

Í gæðahandbók Fiskistofu er skjalfest lýsing á því skipulagi og verklagi sem viðhaft er hjá stofnuninni. Gæðahandbókinni er ætlað að stuðla að sameiginlegum skilningi starfsmanna Fiskistofu á eðli starfseminnar og framkvæmd einstakra verkþátta og á hún að vera virkt leiðbeiningar- og stjórnæki.

Á árinu 2010 setti Fiskistofa sér það markmið að verklagsreglur og vinnulýsingar fyrir sem flesta þætti í starfi stofnunarinnar væru komnar inn í gæðahandbók Fiskistofu í lok árs 2010. Markmiðið náðist að mestu því þegar hafa 358 gæðaskjöl verið gefin út hjá Fiskistofu en í vinnslu eru 114 gæðaskjöl.



3. Veidileyfi og heimildir

3.1 Veidileyfi

Samkvæmt lögum um stjórn fiskveiða má enginn stunda veiðar í atvinnuskyni við Ísland nema hafa fengið til þess almennt veidileyfi frá Fiskistofu. Í töflu 3.1 koma fram upplýsingar um fjölda almennra leyfa íslenskra fiskiskipa til veiða í atvinnuskyni. (Tafla 3.1.)

Af töflunni sést að almennum veidileyfum hefur fækkað, sérstaklega í krókaafلامarsskerfinu, en talsverður fjöldi báta sem voru áður með leyfi í því kerfi eru nú með leyfi til frístundaveiða.

Tilteknar veiðar íslenskra fiskiskipa eru bundnar sérveidileyfum og eru upplýsingar um fjölda slíkra leyfa að finna í töflunni „Fjöldi sérveidileyfa“. Tvær nýjar gerðir sérveidileyfa bættust við á síðasta ári. Það eru leyfi til frístundaveiða með aflaheimildum og sæbjúgnaveidileyfi. (Tafla 3.2)

Grásleppuveidileyfum fjölgaði stórlega á síðasta ári, þriðja árið í röð, sem helgast af góðum markaðsaðstæðum. Alls var 747 bátum veitt leyfi til strandveiða, sem er mikil fjölgun frá fyrra ári og 48 bátum til frístundaveiða með aflaheimildum. Engin leyfi voru gefin út til veiða á hörpudiski en fjögur leyfi til veiða á innfjarðarrækju í Arnarfirði. Eitt veidileyfi var veitt til karfaveiða í Smugunni, eitt til rækjuveiða á Flæmingjagrunni og eitt til veiða á Hjaltlandssíld, en til þessara veiða hafa ekki verið gefin út leyfi undanfarin ár. Þá voru gefin út 107 leyfi til beinna makrílveiða innan og utan lögsögu, en slík leyfi hafa ekki verið gefin út áður.

Meðal verkefna Fiskistofu er að veita erlendum fiskiskipum leyfi til veiða í íslenskrri fiskveiðilögsögu. Slík leyfi eru veitt á grundvelli samninga sem Ísland hefur gert við önnur ríki. Meðal annars fá íslensk skip leyfi til veiða á kolmunna, síld og makríl í færeyskrri lögsögu og færeysk skip leyfi til kolmunna-, síldar- og bol-fiskveiða í íslenskrri lögsögu. Upplýsingar um fjölda leyfa undanfarin fimm ár eru í töflunni „Fjöldi veidileyfa erlendra skipa í íslenskrri lögsögu“. (Tafla 3.3)

Fjöldi útgefna veidileyfa til erlendra skipa hér við land var nú svipaður og fyrra ár, og munar þar mestu um að leyfi til loðnuveiða voru nú gefin út að nýju. Engin Evrópusambandskip sóttu um leyfi til karfaveiða annað árið í röð.

3.2 Aflaheimildir

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra ákveður fyrir hvert fiskveiðiár leyfilegan heildarafla fisktegunda sem veiðar eru takmarkaðar á. Fiskistofa úthlutar aflaheimildum til einstakra skipa á grundvelli þeirrar ákvörðunar.

Tafla 3.1 Fjöldi almennra veidileyfa

Fiskveiðiár:	2005/2006	2006/2007	2007/2008	2008/2009	2009/2010
Aflamarksskip	526	509	486	472	461
Krókabátar	808	823	816	775	701
Þar af:					
Krókaafلامarsskibátar	807	823	816	775	701
Sóknardagabátar	1				
Alls leyfi til veiða í atvinnuskyni	1,334	1,332	1,302	1,247	1,162

Tafla 3.2 Fjöldi sérveidileyfa

Tegund sérveidileyfis	2005/2006	2006/2007	2007/2008	2008/2009	2009/2010
Grásleppuveidileyfi	163	139	222	279	350
Rauðmagaveidileyfi krókabáta			5	6	5
Dragnótaveidileyfi	112	105	100	91	84
Innfjarðarrækjuveiðileyfi			2	3	4
Hörpudiskiveidileyfi					
Ígulkeraveidileyfi	0	2	2	3	4
Strandveidileyfi				595	747
Frístundaveidileyfi án aflaheimilda				2	11
Frístundaveidileyfi með aflaheimildum					48
Leyfi til sæbjúgnaveiða					9
Síldveiðar með vörpu	24	23	20	10	1
Úthafskarfaveidileyfi	16	15	13	11	15
Rækjuveiðileyfi á Flæmingjagrunni	2	2			1
Leyfi til veiða úr norsk-ísl. síldarstofninum	27	22	24	26	25
Leyfi til veiða á norsk-ísl. síld í norskrri lögsögu	0	15	11	5	7
Gullaxveiðileyfi	43	35	32	29	36
Kolmunnaveidileyfi	24	22	16	14	14
Síldar- og makrílveiðar í færeyskrri lögsögu	13	9	11		1
Makrílveiðar			11	26	107
Porskveiðar í norskrri lögsögu	5	5	10	6	6
Porskveiðar í rússneskrri lögsögu	5	6	5	5	6

Tafla 3.3 Fjöldi veidileyfa erlendra skipa í íslenskrri lögsögu

Tegund veidileyfis	2006	2007	2008	2009	2010
Kolmunnaveidileyfi	14	12	10	10	10
Loðnuveiðileyfi	96	92	84	0	85
Úthafskarfaveidileyfi	1	1	1	1	1
Línu- og handfæraveidileyfi	41	36	36	32	31
Leyfi til veiða úr norsk-íslenskra síldarstofninum	8	19	17	14	12
Karfaveidileyfi	11	12	11		
Samtals veidileyfi erlendra skipa	171	172	159	57	139

Tafla 3.4 Heildaraflamarksstaða fiskveiðiárið 2009/2010

	Úthlutun	Sérstakar úthlutanir	Flutt frá fyrra ári	Aflamark til ráðstöfunar	Afli til aflamarks	Staða	Tilfærsla	Ný staða	Flutt á næsta ár	Umfram-afli	Ónotað
Porskur	120,297	5,426	6,455	132,179	130,549	1,630	-44	1,586	1,652	91	25
Ýsa	50,235	2,681	10,885	63,802	54,802	9,000	-4,773	4,227	4,212	7	21
Ufsi	40,737	1,971	6,424	49,132	47,104	2,028	871	2,898	1,786	3	1,116
Karfi	50,000	5	117	50,122	53,676	-3,554	4,306	751	704	2	49
Langa	5,600	13	287	5,900	7,693	-1,793	1,879	86	84	7	10
Keila	4,950	3	185	5,138	6,269	-1,131	1,199	68	51	2	19
Steinbitur	9,845	460	1,115	11,420	11,166	254	143	397	393	6	10
Skötuselur	2,250	346	175	2,771	2,866	-95	201	106	106	1	1
Skötuselur 2	0	452	0	452	350	102	0	102	26	4	80
Grálúða	11,040	11	1,719	12,770	12,951	-181	222	41	41	0	0
Skarkoli	5,980	128	378	6,486	5,881	605	-422	183	182	1	2
Þykkvalúra	2,024	1	93	2,118	1,819	300	-234	66	64	0	2
Langlúra	2,024	0	277	2,301	1,181	1,120	-982	138	111	0	27
Sandkoli	920	1	74	995	523	472	-421	51	45	0	7
Skráplúra	920	2	110	1,032	119	913	-844	69	51	0	18
Síld	52,011	7	127	52,145	48,332	3,813	0	3,813	3,815	2	0
Loðna	109,805	0	0	109,805	110,061	-256	0	-256	-261	0	5
Humar	677	2	108	786	723	63	0	63	62	0	1
Úthafs-rækja	7,000	1	1,799	8,800	7,144	1,656	0	1,656	515	1	1,143
Innfjarðarrækja	300	8	1	309	314	-5	0	-5	-5	0	0

Magn í tonnum. Afli og aflamark botnfisks miðast við slægðan fisk nema karfinn er óslægður. Magn annarra tegunda miðast við óslægð nema magn humars miðast við slitinn humar.

Heildaraflamarksstaða og afli

Taflan „Heildaraflamarksstaða fiskveiðiárið 2009/2010“ sýnir úthlutað aflamark fiskveiðiársins 2009/2010 og veiddan afla eins og hann reiknast til aflamarks hjá aflamarks- og krókaaflamarksskipum á fiskveiðiárinu. Í dálknum „sérstakar úthlutanir“ er

slíkt hefur viðgengist nokkur undanfarin fiskveiðiár. Ein „ný“ tegund hefur bæst við á listann, en það er „skötuselur 2“, en með bráðabirgðaákvæði til veggja ára við fiskveiðistjórnarlögin var ráðherra heimilt að ráðstafa tilteknu aflamarki í skötusel, sem ekki fylgir

Tafla 3.5 Heildaraflamarksstaða deilistofna og stofna á fjarimiðum 2010

	Úthlutun	Sérstakar úthlutanir	Flutt frá fyrra ári	Aflamark til ráðstöfunar	Afli til aflamarks	Staða	Tilfærsla	Ný staða	Flutt á næsta ár	Umframafli	Ónotað
Flæmingjarækja 3M	200			200		200		200			200
Flæmingjarækja 3L	334			334	185	149		149			149
Porskur - NL	4,661			4,661	4,644	17		17			17
Porskur - RU	2,912	1,747		4,658	4,652	6		6			6
Kolmunni	87,625		-4,218	83,407	87,803	-4,396		-4,396	-4,090	317	9
Norsk-íslensk síld	175,142	2,901	-9,611	168,432	175,140	-6,708	10,617	3,909	3,908		1
Norsk-íslensk síld 2	40,044	-2,901		37,143	26,526	10,617	-10,617				
Úthafskarfi utan											
Úthafskarfi innan	14,758		-363	14,395	14,774	-379		-379	-379		

Magn í lestum: Þorskaflí og –aflamark miðast við slægt. Afli og aflamark annarra tegunda miðast við óslægt. Þar sem efni starfsskýrslunnar er tekið saman þegar árið 2010 er nýliðið er mögulegt að upplýsingar um veiðar hafi ekki allar borist Fiskistofu.

safnað saman öllum aukaúthlutunum fiskveiðiársins (sjá töflu „Úthlutun bóta“). Þegar allar úthlutanir ársins eru lagðar saman og bætt við aflamarki sem flutt var frá fyrra ári fæst heildaraflamark sem var til ráðstöfunar á fiskveiðiárinu (dálkurinn „aflamark til ráðstöfunar“). Í meginráttum var afli ársins í samræmi við aflaheimildir í helstu tegundum. Þorskaflinn var 130,5 þúsund tonn en aflamarkið 132,2 þúsund tonn. 1,7 þúsund tonna aflaheimildir í þorski voru fluttar til fiskveiðiársins 2010/2011. Í það heila var ágætt samræmi milli aflaheimilda og afla botnfisktegunda á fiskveiðiárinu en talsvert aflamark í úthafs-rækju og ufsa féll niður ónýtt. Þá hefur umtalsverður hluti aflamarks í sumum flatfisktegundum verið nýtt til tegundatilfærslu í stað veiða, en

að öllu leyti almennum reglum um kvótabundnar tegundir. (Tafla 3.4)

Veiðar úr kvótabundnum deilistofnum og á stofnum á fjarimiðum gengu ágætlega á árinu 2010 miðað við heimildir. Heimildir, og þar með veiðar, minnkuðu í úthafskarfa, kolmunna og norsk-íslenskrí síld, en jukust í þorskveiðum í Barentshafi. Þá voru veiðar stundaðar á rækju á Flæmingjagrunni, en þær hafa ekki verið stundaðar undanfarin ár. Makrílafli ársins varð 122 þúsund tonn á mót 116 þúsund tonnum árið 2009. (Tafla 3.5)

Auk ofangreinds, úthlutar Fiskistofa sérstökum aflaheimildum til einstakra fiskiskipa. Í töflunni

„Úthlutun bóta“ eru upplýsingar um magn slíkra úthlutana á fimm ára tímabili. (Tafla 3.6)

Aflamark þessara úthlutana fer nokkuð minnkandi ár frá ári. Vinna við skiptingu byggðakvóta milli skipa og úthlutun hefur aukist gífurlega frá fyrri árum, þannig að vinna við aukaúthlutanir í heild er mun meiri en áður var, þó tegundum úthlutana hafi fækkað. Þá er umtalsvert umstang við úthlutun og utanumhald sérstakra úthlutunar í skötusel og frístundakvóta, sem eru nýjar úthlutanir til tveggja ára samkvæmt bráðabirgðaákvæðum við fiskveiðistjórnarlögin.

Flutningur aflaheimilda

Fjöldi tilkynninga um millifærslu aflaheimilda er mismunandi milli fiskveiðarára, en virðist fara hægt minnkandi. Mikill fjöldi tilkynninga um flutning hlutdeilda fiskveiðarárin 2005/2006 og 2006/2007 skýrist að mestu vegna mikils fjöldi bóta sem verið höfðu í sóknardagakerfinu en hættu útgerð þegar kerfið var lagt niður og nýfengnar hlutdeildir fluttar til annarra skipa. Þegar nýjar tegundir koma inn í kvótakerfið verður almennt aukning í fjölda tilkynninga, þar sem þeir sem óverulegar heimildir fá á grundvelli lítillar aflareynslu flytja þessar heimildir gjarnan frá sér. Eigendum skipa er heimilt að flytja aflamark milli eigin skipa með rafrænum hætti. (Tafla 3.7)

Flutningur aflahlutdeilda

Í töflunni „Flutningur aflahlutdeilda milli skipa“ eru upplýsingar um flutning aflahlutdeilda milli fiskiskipa á 5 ára tímabili. Rétt er að vekja sérstaka athygli á að um veltutölur er að ræða. Það þýðir að séu sömu aflahlutdeildir fluttar milli skipa oftast en einu sinni á fiskveiðarárinu eru þær taldar í hvert sinn sem þær eru fluttar. Þarna kemur greinilega fram að flutningur varanlegra aflaheimilda hefur dregist verulega saman frá fyrri árum. (Tafla 3.8)

Flutningur aflamarks

Í töflunni „Heildarflutningur aflamarks á milli fiskiskipa“ koma fram tölulegar upplýsingar um flutning aflamarks á síðastliðnu fiskveiðarári með samanburði við flutning aflamarks fiskveiðarárin 2007/2008 og 2008/2009. Flutningur aflamarks fiskveiðarársins 2009/2010 er flokkaður eftir eðli flutnings, þ.e. flutningur milli skipa í eigu sama aðila og flutningur milli skipa í eigu óskyldra aðila. (Tafla 3.9)

3.3. Sala aflamarks

Fiskistofa annaðist á árinu sölu aflamarks í fyrsta sinn. Er það á grundvelli ákvæða til bráðabirgða sem sett hafa verið við lög nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, og taka til fiskveiðaráranna 2009/2010 og 2010/2011.

Tafla 3.6 Úthlutun bóta skv. lögum nr. 116/2006

Fiskveiðiar:	2005/2006	2006/2007	2007/2008	2008/2009	2009/2010
Byggðastofnun skv. bráðabirgðaákvæði nr. XXVI l. 38/1990	366				
Jöfnunarsjóður skv. 9. gr. a við lög nr. 38/1990	2,570				
Krókabætur skv. bráðabirgðaákvæði nr. XXXI l. 38/1990	334				
Rannsóknafli skv. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 116/2006	661	987	927	1,073	866
Byggðakvóti skv. 2. tl. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 116/2006	4,010	4,226	3,639	3,095	3,079
Rækjubætur skv. 1. tl. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 116/2006	1,685	1,907	1,184	1,107	982
Skelbætur skv. 1. tl. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 116/2006	1,411	1,411	983	983	983
Porskeldi skv. bráðabirgðaákvæði nr. I við lög nr. 116/2006	333	271	620	600	435
Frístundakvóti skv. bráðab. ákvæði IX við lög nr. 116/2006					168
Samtals	11,370	8,802	7,353	6,858	6,513

Úthlutað magn til skipa í þorskigildislestum talið.

Tafla 3.7 Fjöldi tilkynninga um flutning aflaheimilda

	2005/2006	2006/2007	2007/2008	2008/2009	2009/2010
Aflahlutdeildir	809	732	275	182	220
Aflamark	11,348	10,558	9,887	10,378	9,928
Par af flutt rafrænt		1,033	1,823	2,071	2,465
Tilkynningar alls	12,157	11,290	10,162	10,560	10,148

Tafla 3.8 Flutningur hlutdeilda milli skipa

Fiskveiðiar:	2005/2006	2006/2007	2007/2008	2008/2009	2009/2010
Porskur	18.4%	25.8%	17.7%	8.2%	11.2%
Ýsa	27.3%	32.7%	19.5%	9.3%	14.9%
Úfsi	21.6%	31.1%	15.2%	7.7%	20.0%
Karfi	30.5%	34.9%	13.4%	8.8%	10.6%
Langa	17.2%	46.8%	19.2%	8.4%	17.3%
Keila	10.2%	71.6%	15.4%	3.5%	11.6%
Steinbitur	24.6%	44.6%	26.3%	22.0%	9.4%
Skötuselur	14.1%	53.3%	18.3%	13.3%	24.1%
Grálúða	19.5%	29.3%	6.4%	13.6%	23.7%
Skarkoli	12.1%	43.9%	17.0%	15.0%	12.5%
Þykkvalúra	17.0%	33.0%	14.9%	14.5%	9.2%
Langlúra	5.7%	30.7%	18.1%	8.7%	7.4%
Sandkoli	25.2%	37.2%	8.8%	14.4%	15.2%
Skráplúra	9.7%	25.7%	24.5%	12.8%	11.8%
Síld	2.2%	56.7%	50.1%	3.3%	29.6%
Loðna	7.9%	38.7%	32.7%	8.0%	10.5%
Humar	7.4%	24.6%	25.1%	13.2%	27.2%
Úthafsraekja	44.1%	30.2%	41.5%	19.2%	6.6%

Hlutfall af heildarflahlutdeild. Um veltutölur er að ræða.

Tafla 3.9 Heildarflutningur aflamarks milli fiskiskipa fiskveiðiarín 2007/2008 til 2009/2010

Fisktegund	Fiskveiðiaríð 2009/2010			Fiskveiðiaríð 2008/2009		Fiskveiðiaríð 2007/2008
	Milli skipa í eigu sama aðila	Milli skipa í eigu óskyldra aðila	Samtals	Samtals	Samtals	Samtals
Porskur	31,919	29,417	61,335	64,468	67,231	
Ýsa	26,078	24,096	50,174	63,609	76,717	
Ufsi	25,696	18,354	44,050	56,065	61,994	
Karfi	19,975	7,105	27,080	41,200	54,062	
Langa	4,135	2,259	6,394	6,501	5,308	
Keila	3,420	1,156	4,576	5,528	4,997	
Steinbítur	6,519	7,535	14,054	13,792	14,336	
Úthafskarfi	4,392	2,617	7,009	7,785	9,134	
Skötuselur	993	1,883	2,876	2,716	2,290	
Grálúða	5,290	5,175	10,465	11,442	10,698	
Skarkolí	2,549	3,345	5,893	6,581	6,429	
Þykkvalúra	1,196	950	2,146	2,019	1,918	
Langlúra	1,528	1,190	2,719	1,700	2,512	
Sandkolí	550	386	937	745	1,386	
Skrápflúra	1,246	513	1,759	535	1,020	
Síld	16,198	14,725	30,923	71,379	97,406	
Loðna	40,334	7,024	47,358	7,134	72,824	
Kolmunni	23,367	8,956	32,323	19,784	55,539	
Norsk-íslensk síld	72,323	35,631	107,954	100,385	90,862	
Humar	476	239	715	762	487	
Úthafsærækja	3,581	9,255	12,836	8,199	6,859	
Flæmingjarækja	0	334	334	0	0	
Norskur þorskur	1,764	778	2,542	2,075	2,261	
Rússneskur þorskur	1,091	509	1,600	1,541	2,198	
Innfjarðarrækja	0	75	75	333	163	


Ofangreindar tölur miðast við lestir og slægðan fisk þar sem það á við. Um veltutölur er að ræða.

Á fiskveiðiarínu 2009/2010 voru seld 798 tonn af sérstaklega úthlutaðu aflamarki í skötusel (skötuselur 2 í töflunni „Heildaraflamarksstaða fiskveiðiaríð 2009/2010), en ráðherra getur ráðstafað allt að 2.000 tonnum af óslægðum skötusel, auk þeirra aflaheimilda sem úthlutað er á grundvelli aflahlutdeilda.

Á fiskveiðiarínu 2009/2010 voru seld 168 tonn af sérstaklega úthlutaðu aflamarki í þorski sem einungis var fyrir báta með leyfi til frístundaveiða með krókaafلامarki (sjá töflu „Úthlutun bóta“), sem er allt það magn sem til ráðstöfunar var miðað við slægðan afla, en ráðherra getur ráðstafað allt að 200 lestum af óslægðum botnfiski.

4. Afli, kvótaívilnanir og aflaverðmæti

Mynd 4.1 Fjöldi landana í þeim 20 höfnum sem landanir eru flestar



4.1 Afli skánningar

Mikilvægur þáttur í starfsemi Fiskistofu er samstarf við löndunarhafnir um vigtun og skráningu landaðs afla. Niðurtöður vigtunar á afla eru skráðar í aflaskráningarkerfið GAFL (Gagnagrunnur Fiskistofu og Löndunarhafna) af starfsmönnum löndunarhafna og sendar jafnóðum á rafrænu formi í gagnagrunn Fiskistofu. Með GAFLINUM hefur Fiskistofa ávallt nýjustu fáanlegu upplýsingar um afla og getur fylgst náið með aflaheimildastöðu einstakra skipa. Starfsmenn Fiskistofu bæði á skrifstofu og eftirlitsmenn eru í daglegum samskiptum

við hafnarstarfsmenn vegna vigtunnar og skráningar á afla.

Á fiskveiðiárinu 2009/10 voru 60.754 landanir skráðar í aflaskráningarkerfið. Þetta er talsverð aukning frá síðasta fiskveiðiári en þá var fjöldi skráðra landana 57.068. Aukninguna má líklegast rekja til aukins fjölda báta sem fengu leyfi til strandveiða auk þess sem aflaheimildir í strandveiðikerfinu voru auknar og veiðitímabilið lengt. Eins og svo oft áður voru flestar landanir í Sandgerði en því næst komu Bolungarvík, Ólafsvík og Grindavík. (Mynd 4.1)

Tafla 4.1 Afli botnfisktegunda

Fiskveiðiár	Heildarafli		VS-afli		Línuviltun		Undirmálsafl		Strandveiðar		Annar afli		Útflutningsálag	
	2009/10	2008/09	2009/10	2008/09	2009/10	2008/09	2009/10	2008/09	2009/10	2008/09	2009/10	2008/09	2009/10	2008/09
Þorskur	167,580	168,515	3,398	3,877	2,217	1,857	1,324	1,386	5,045	3,451	180	264	113	0
Ýsa	67,953	88,618	106	14	1,639	1,574	885	1,293	50	22	32	30	374	0
Úfsi	57,405	61,997	82	6	0	0	13	4	1,194	575	40	555	1	0
Gullkarfi	38,410	46,084	168	167	0	0	190	286	66	40	58	18	97	0
Langa	9,794	9,192	171	9	0	0	0	0	4	2	1	1	11	0
Keila	7,083	7,095	111	33	0	0	0	0	2	1	4	3	0	0
Steinbítur	13,121	15,429	71	130	632	621	0	0	7	1	6	3	30	0
Skötusælur	3,613	3,436	39	6	0	0	0	0	0	0	1	5	14	0
Grálúða	14,084	15,581	0	0	0	0	0	0	0	0	7	5	5	0
Skarkoli	6,442	6,368	40	11	0	0	0	0	0	0	10	1	53	0
Þykkvalúra	1,984	2,683	7	1	0	0	0	0	0	0	0	0	28	0
Langlúra	1,297	1,707	14	0	0	0	0	0	0	0	0	0	1	0
Sandkoli	719	811	3	0	0	0	0	0	0	0	147	115	0	0
Skráplúra	213	290	0	0	0	0	0	0	0	0	84	80	0	0
Djúpkarfi	15,767	19,647	2	11	0	0	0	0	0	0	22	15	11	0
Heildarmagn	405,465	447,453	4,213	4,265	4,488	4,052	2,414	2,969	6,368	4,092	591	1,095	738	0

Magn í tonnum af óslægðum afla.

4.2 Afli og kvótaívilnanir

Heildarafli íslenskra skipa til aflamarks má sjá í meðfylgjandi töflu. (Tafla 4.2). Ef borinn er saman heildarafli og afli sem reiknaður er til aflamarks er nokkur munur þar á. Skýringin á því er afli sem er undanþeginn aflamarki vegna sérreglna sem um hann gilda, s.s. reglur er varða línuafli, verkefnasjóðs afla (VS-afli), undirmálsafla og afla í strandveiðum.

Svonefnd línuviltun náði á síðasta fiskveiðiári eins og undanfarin ár til þorsks, ýsu og steinbíts. Á síðasta fiskveiðiári mátti veiða 3.375 tonn af þorski, 2.100 tonn af ýsu og 700 tonn af steinbít miðað við slægðan fisk umfram aflamark á sérstaklega beitta línu og var þeim heimildum skipt á fjögur veiðitímabil. Eins og sjá má á töflu 4.1 þá fullnýttu íslensk fiskiskip ekki heimildir sínar í línuviltun eins og á síðasta fiskveiðiári.

Tafla 4.2 Afli í ókvótabundnum tegundum

Tegund	2007/08	2008/09	2009/10
Makrill	107,070	118,059	111,340
Gulldepla	0	38,388	24,138
Gulllax	5,064	8,797	15,960
Blálanga	2,850	4,078	6,493
Lýsa	1,812	1,984	2,835
Hlýri	2,037	2,249	2,137
Sæbjúga	556	1,137	1,874
Tindaskata	400	796	879
Litli karfi	9	17	675
Lúða	467	484	543
Grásleppa	35	87	343
Óflugkjafa	195	305	230
Ígulker	112	119	150
Beitukóngur	603	61	121
Stóra brosma	2	23	111
Skata	118	122	110

Magn í tonnum af óslægðum afla.

Tafla 4.3 Aflaverðmæti helstu nytjastofna fiskveiðiarinn 2007/08 til 2009/10

	2007/2008	2008/2009	2009/2010
Þorskur	29,730,092	35,107,280	44,419,812
Ýsa	15,501,012	15,374,055	16,038,191
Ufsi	5,518,933	6,809,809	9,297,814
Gullkarfi	4,385,252	6,850,397	8,158,395
Langa	608,327	883,912	1,192,473
Steinbitur	2,010,419	2,686,799	2,957,529
Úthafskarfi	1,040,152	3,622,647	3,478,874
Skötuselur	858,583	1,399,618	1,711,889
Gulllax	345,928	650,626	1,613,234
Grálúða	3,060,929	8,245,733	8,043,831
Skarkoli	1,165,284	1,230,285	1,297,075
Síld	8,337,158	14,912,472	10,373,343
Loðna	2,876,588	600,554	4,987,288
Kolmunni	2,735,963	2,678,981	3,228,140
Makrill	3,360,224	4,514,528	6,806,462
Humar	691,133	737,365	995,104
Rækja	271,719	757,204	1,399,379
Djúpkarfi	1,222,027	4,017,248	3,274,794

Í þús. kr.

Tafla 4.4 Helsta ráðstöfun eftir fisktegundum

Ráðstöfun	Fiskeiðjár	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Steinbitur	Skötuselur	Skarkoli	Síld	Makrill
Söltun	2008/2009	55,874	110	8,733		2		9,006	
	2009/2010	50,408	370	6,415	256			3,689	
Sjófryst	2008/2009	32,598	13,295	25,340	474	3	162	90,117	13,399
	2009/2010	34,084	11,770	25,816	490	21	159	68,936	34,515
Ísfiskur	2008/2009	780	88	29	4			9,564	
	2009/2010								
Ísað í flug	2008/2009	22,186	17,716	886	5,896	669	994	4	1
	2009/2010	24,820	15,532	898	5,860	993	1,257		1
Innanlands	2008/2009	544	4,432	32	340	52	109	4	4
	2009/2010	683	2,836	19	443	37	101	42	5
Hersla	2008/2009	227	558	2,478	4				
	2009/2010	177	102	1,204					
Gámar	2008/2009	10,024	26,754	1,288	4,544	2,553	3,088		
	2009/2010	5,977	12,952	862	2,920	2,169	2,443		
Landfrýsting	2008/2009	54,131	26,278	23,230	4,113	168	2,019	101,183	4,402
	2009/2010	61,690	24,919	22,304	3,149	254	2,430	74,870	31,119
Bræðsla	2008/2009	17	1	154				207,015	100,212
	2009/2010	19	25	61				85,194	45,727
Annað	2008/2009	711							
	2009/2010	505							

Magn í tonnum upp af óslægðum afla.

Á síðasta fiskveiðiarinu lönduðu íslensk fiskiskip meiri VS-afla en á fiskveiðiarinu þar á undan en hluti af andvirði þessa afla greiðist í Verkefnasjóð sjávarútvegsins. Meira var landað sem undirmáls-afla í þorski á síðasta fiskveiðiarinu en á fiskveiðiarinu 2008/09 en minna af ýsu og karfa. Strandveiðar fóru fram í annað sinn á síðasta fiskveiðiarinu og taldist sem fyrr afli í því kerfi ekki til aflamarks. Heildarþorskafla strandveiðibáta voru rúm 5 þúsund tonn og ufsaafli tæp 1.200 tonn.

Íslensk fiskiskip veiða á hverju fiskveiðiarinu fjölda fisktegunda sem ekki eru bundnar aflamarki. Undanfarin fiskveiðiar hefur makrill verið uppi-staðan í afla þessara tegunda. Á síðasta ári var makrilaafplaheimildum skipt á milli skipa en ekki á grundvelli hlutdeilda líkt og í aflamarkskerfinu og birtist makrillinn því hér í töflu yfir ókvótabundnar tegundir. Af ókvótabundnum tegundum var mest veitt af makrill á síðasta fiskveiðiarinu, því næst af gulldeplu eða rúm 24 þúsund tonn og að lokum gulllaxi eða tæp 16 þúsund tonn. (Tafla 4.2.)

4.3 Aflaverðmæti

Upplýsingar um aflaverðmæti og ráðstöfun afla eru fengnar úr vigtar- og ráðstöfunarskýrslum (VOR) sem kaupendur og seljendur sjávarafila skila til Fiskistofu. Aflaverðmæti þorsks á síðasta fiskveiðiarinu var rúm 44 milljarðar króna. Þetta er veruleg verðmætaaukning miðað við fiskveiðiarinu þar á undan en þá voru aflaverðmætin rúm 35 milljarðar. Aukning varð á aflaverðmæti allra helstu nytjastofna milli tveggja síðustu fiskveiðarára nema í síld og úthafskarfa. (Tafla 4.3)

Á fiskveiðiarinu 2009/10 fór stærstur hluti þorskaflans í landfrýstingu eða tæp 62 þúsund tonn. Næstmest fór í söltun eða rúmlega 50 þúsund tonn og rúmlega 34 þúsund tonn voru sjófryst. Í makrill fór stærstur hlutinn í bræðslu eða tæp 46 þúsund tonn og rúm 34 þúsund tonn voru sjófryst. Þetta er veruleg breyting frá fiskveiðiarinu 2008/09 þegar tæp 96 þúsund tonn fóru í bræðslu. Taflan hér að neðan sýnir ráðstöfun afla nokkurra helstu fisktegunda á fiskveiðiarinu 2009/10 og samanburð við fiskveiðiarinu 2008/09. (Tafla 4.4.)

5. Fiskveiðieftirlit

5.1 Eftirlit á sjó og í landi

Eftirlit Fiskistofu er margþætt og fer fram bæði á sjó og í landi. Á síðasta ári fóru eftirlitsmenn í 490 veiðiferðir sem samtals stóðu í 2.011 daga. Á myndinni hér að neðan má sjá sjódag eftirlitsmanna síðastliðin 5 ár og hvernig skiptingin er á milli ísfiskskipa og vinnsluskipa. (Mynd 5.1)

Líkt og undanfarin ár var Fiskistofa í samstarfi við Landhelgisgæslu Íslands á síðasta ári um eftirlit á grunnslóð. Sjómælingabáturinn Baldur var, líkt og árið áður, gerður út til verkefnisins og var hann mannaður með áhöfn frá Landhelgisgæslunni og eftirlitsmönnum Fiskistofu. Tókst verkefnið vel í alla staði og er það vilji beggja stofnana að halda þessu samstarfi áfram. Farið var í fjóra 10 daga leiðangra sem komu sér vel m.a. við eftirlit með strandveiðum og grásleppuveiðum. Var farið um borð í samtals 127 báta, þar af 87 handfærabáta, 12 línubáta, 2 netabáta, 1 dragnótabát, 24 grásleppubáta og 1 bát sem var á sjóstöng. Í kjölfar þess voru gerðar 28 brotaskýrslur sem að mestum hluta vörðuð brot gegn reglum um afladagbækur.

Eftirlitsmenn Fiskistofu fylgjast með afla- og stærðarsamsetningu um borð í fiskiskipum sem felst í því að fiskur er lengdarmældur og kvarnaður og upplýsingum og sýnum er safnað í þágu hafrannsóknna og fiskveiðistjórnunar. Á árinu 2010 mældu eftirlitsmenn Fiskistofu 433.932 (588.760) fiska og kvörnuðu 12.090 (12.937). Tölur fyrir árið 2009 eru innan sviga. Með lengdarmælingum er aflað gagna vegna svokallaðs brottkastverkefnis. Brottkastverkefnið felur í sér athugun á brottkasti afla undir tiltekinni lengd og er unnið í samstarfi við Hafrannsóknastofnunina sem gefur árlega út skýrslu þar sem tölfræðilegar niðurstöður verkefnisins eru birtar.


Viðfangsefni eftirlitsmanna eru margvísleg og í töflunni má sjá helstu verkefni þeirra. Áherslur í eftirliti hafa verið að breytast. Sjá má að eftirlit með vigtunarleyfishöfum hefur verið aukið umtalsvert á árinu 2010 samanborið við árið 2009. Þá hefur aukin áhersla verið lögð á sérverkefni en þar má nefna sérstakar athuganir sem fram fara í kjölfar ábendinga um brot gegn lögum og reglum og/eða rökstuddur grunur leikur á því að brot eigi sér stað. (Tafla 5.2)

5.2 Vinnsluskip

Fjöldi vinnsluskipa, þar sem botnfiskafla er unninn um borð var óbreyttur á síðasta ári frá árinu áður. Skipum þar sem uppsjávarafli er unninn um borð fjölgaði um tvö. Enn fremur hófu nokkur skip vinnslu á uppsjávarafli, sem fram til þessa hafa eingöngu unnið botnfiskafla. Var þar nær eingöngu um að ræða vinnslu á makríl og norsk-íslenskri síld. Þá hófu tvö skip að frysta rækju um borð á árinu.




Mynd 5.1 Fjöldi daga á sjó



Tafla 5.2 Skipting landeftirlits

Efnisatriði	2009	2010
Afladagbók	508	580
Brotaskýrsla	283	298
Lokun veiðisvæða	165	114
Löndun	2,350	1,723
Möskvamælingar	265	154
NAFO skoðun	4	5
NEAFC skoðun	9	25
Samanb. á aflad.bók og löndun	113	34
Sérverkefni	130	150
Talning í gáma	217	150
Undirmálsmæling	60	52
Úttektir vinnsluskipa	34	31
Vigtun leyfishafa (Heimsókn)	186	405
Vigtun leyfishafa (Staðið yfir)	120	204

Mynd 5.3 Fjöldi skyndilokana frá 1990



Af þeim 453veiðiferðum sem eftirlitsmenn Fiskistofu fóru í á síðasta ári voru 37 (31) ferðir farnar með 31 (28) vinnsluskipi í alls 913 (774) daga. Alls flökuðu 22 (22) skip botnfisk, 7 (5) skip flökuðu uppsjávarafla og 7 (6) skip heilfrystu, hausskáru og/eða haus- og sporðskáru afla á síðasta ári.

Heildarfjöldi landana vinnsluskipa (afurðalandanir) á árinu 2010 voru 537 (467) talsins. Í þeim tilvikum þegar eftirlitsmaður verður var við að meðferð og/eða vinnsla sjávarafla eða fiskafurða er aðfinnsluverð er Matvælastofnun tilkynnt um atvikið. Matvælastofnun voru sendar slíkar ábendingar vegna 12 (17) veiðiferða. Að löndun lokinni þ.e. eftir að afurðir vinnsluskipa hafa verið vigtaðar og skráðar á hafnarvog, eru nýtingarskýrslur skipanna rýndar á Fiskistofu. Ófullnægjandi nýtingarskýrslur bárust vegna 10 (7) veiðiferða og var viðkomandi útgerðum veitt áminning í öllum þeim tilvikum.

Gerðar voru 29 (34) úttektir á afurðum vinnsluskipa eftir löndun þeirra, þar sem borin voru saman nýtingarsýni og vinnslusýni til að kanna hvort rétt hafi verið staðið að nýtingarmælingum um borð í skipunum. Úttektir án athugasemda voru alls 20 (21) talsins. Afurð var reiknuð til aflamarks samkvæmt grunnstuðli, þar sem nýtingarmælingar og/eða –skýrslur voru ófullnægjandi, í 7 (10) tilvikum og áminning var veitt í 2 (3) tilvikum. Árið 2009 innan sviga.

Eitt íslenskt skip stundaði rækjuveiðar á Flæmingjagrunni á árinu, en íslensk skip hafa ekki stundað veiðar þar síðan árið 2006. Farnar voru tvær veiðiferðir og var eftirlitsmaður um borð allan tímann, alls 50 daga.

5.3 Skyndilokanir

Skyndilokunum fækkaði umtalsvert á milli árunna 2009 og 2010 eða úr 165 í 114. Munar þar mest um

fækkun lokana á línu úr 132 í 69 en lokunum á dragnot fækkaði einnig. Lokunum fjölgaði hins vegar þegar kemur að botnvörpu. (Mynd 5.3) (Mynd 5.4) (Mynd 5.5)

5.4 Vigtun og skráning sjávarafla

Eftirlit með vigtun og skráningu sjávarafla er umfangsmesti þátturinn í störfum eftirlitsmanna. Fiskistofa hefur eftirlit með löndunum afla og vigtun og skráningu hans til aflamarks. Á árinu 2010 fylgdust eftirlitsmenn með 1.861 löndun. Fiskistofa veitir leyfi til vigtunar sjávarafla og eru 117 fiskvinnslustöðvar og fiskmarkaðir með slík leyfi. Eftirlitsmenn sinna eftirliti með framkvæmd vigtunar hjá vigtunarleyfishöfum og skýrsluskilum þeim tengdum. Við hefðbundið eftirlit með vigtunarleyfishöfum (heimsókn) fer fram skoðun á vigtunarbúnaði og farið er yfir skil á vigtarnótum og eftir atvikum fylgst með vigtun afla. Auk þess er lögð áhersla á að fylgjast með framkvæmd vigtunar vigtunarleyfishafa (staðið yfir vigtun). Er í þeim tilvikum fylgst með vigtun á farmi frá því hún hefst og þar til henni er lokið og vigtarnótur vegna vigtunarinnar hafa verið gefnar út. Á síðasta ári fóru eftirlitsmenn í 405 eftirlitsheimsóknir til vigtunarleyfishafa og stóðu yfir 204 vigtunum. Upplýsingar um eftirlit með löndunum uppsjávarafla koma fram í kafla 5.6. (Tafla 5.6)

5.5 Eftirlit með útflutningi á ferskum fiski í gámum

Sérstakt eftirlit er haft með óunnum afla sem fluttur er á markað erlendis án þess að hafa verið endanlega vigtaður og skráður til aflamarks á viðkomandi skip. Eftirlitið fer fram hér á landi við lestun gáma. Í þeim tilvikum sem aflinn er fluttur á markaði í Hull eða Grimsby í Englandi er eftirlit með affermingu gáma. Eftirlitsmenn hér á landi fylgdust með lestun í 55 gáma á löndunarstað, þar af var fylgst með lestun í 51 gám í Vestmannaeyjum. Eftirlitsmenn skrá hjá

sér helstu upplýsingar varðandi innihald gámana í rafrænt gámatalningaforrit.

Fiskistofa hefur 2 eftirlitsmenn starfandi í Hull og Grimsby. Í Grimsby var fylgst með losun og vigtun úr 937 gámum árið 2010 og í Hull var fylgst með 543 gámum. Eftirlitsmenn þar skrá einnig niðurstöður sínar í gámatalningarforritið líkt og eftirlitsmenn hér heima. Þegar ekki er samræmi á milli upplýsinga sem fram koma í áætlunum og innihaldi gáms við skoðun er viðkomandi tilvik tekið til frekari skoðunar og eftir atvikum stjórnáslumeðferðar hjá Fiskistofu.

5.6 Eftirlit með veiðum á uppsjávarfiski

Sérstakt eftirlit er haft með veiðum og löndunum á makríl. Í því skyni voru ráðnir 4 eftirlitsmenn til starfa í landi í 3 mánuði árið 2010 sem viðbót við það eftirlit sem fyrir var. Á tímabilinu frá 1. júní til 1. október fóru eftirlitsmenn Fiskistofu í 31 veiðiferð og voru samtals 230 daga á sjó. Á þessu tímabili voru 415 landanir og fylgdust eftirlitsmenn með 262 löndunum, eða 63 % allra landana á makríl.

Alls voru 860 landanir á uppsjávarafli á árinu og var fylgst með 337 löndunum eða 39 % allra landana íslenskra veiðiskipa á uppsjávarafli. Þá lönduðu erlend skip uppsjávarafli 41 sinni og var fylgst með 9 löndunum eða 22 % af löndunum þeirra.


Eftirlitsmenn frá Evrópusambandinu, Noregi og Færeyjum komu þrívægis til landsins og fylgdust með löndunum á makríl og vigtun aflans ásamt því að kynna sér áherslur okkar í eftirlitinu.

5.7 Strandveiðar


Strandveiðar eru heimilar í 4 mánuði ársins maí, júní, júlí og ágúst og heimilt var að veiða allt að 6.000 lestum af botnfiski. Skilyrði í lögum og reglum kveða m.a. á um hvenær heimilt er að stunda veiðarnar, lengd veiðiferða, aflamagn o.fl. og er það hlutverk Fiskistofu að hafa eftirlit með því að þeim sé framfylgt. Leyfi til strandveiða eru bundin eftirfarandi skilyrðum:

1. Óheimilt er að stunda veiðar föstudaga, laugardaga og sunnudaga ásamt því sem strandveiðar er bannaðar á tilteknum hátíðisdögum.
2. Hver veiðiferð má ekki standa lengur en í 14 klukkustundir
3. Fiskiskip skal vera búið sjálfvirkum fjareftirlitsbúnaði og ber að senda vaktstöð siglinga tilkynningu um upphaf og lok veiðiferðar.
4. Óheimilt er að hafa fleiri en 4 handfærarúllur um borð og engin önnur veiðarfæri

Mynd 5.4 Fjöldi skyndilokana eftir veiðarfærum



Mynd 5.5 Fjöldi skyndilokana eftir tegundum



Tafla 5.6 Fjöldi vigtunarleyfishafa

Tegund vigtunarleyfis	Fjöldi
Vigtunarleyfi sjálfstæðra aðila	6
Heimavigtun fiskvinnsla	3
Heimavigtun fiskmarkaðir	1
Heimavigtun bræðsla	11
Endurvigtun fiskvinnsla	75
Endurvigtun fiskmarkaðir	21
Samtals	117

5. Hverju fiskiskipi er aðeins heimilt að draga 650 kg, í þorskígildum talið, af kvótabundnum tegundum, miðað við óslægðan afla, í hverri veiðiferð
6. Skyld er að landa öllum afla í lok veiðiferðar og skal hann veginn og skráður endanlega hér á landi.

Fiskistofa lagði áherslu á að koma á rafrænu eftirliti þar sem því var við komið. Af þeim 6 atriðum sem að ofan eru talin var rafrænt eftirlit haft með 4, þ.e. tölulíðum 1, 2, 3 og 5. Auk þess var haft eftirlit með löndun, vigtun og skráningu afla strandveiðibáta, skráningu í afladagbækur o.fl.



Við rafrænt eftirlit komu upp 64 mál sem tekin voru til formlegrar meðferðar. Þar af voru 27 mál vegna afla sem var umfram 650 kg, í þorskígildum talið, í veiðiferð og 37 mál þar sem veiðiferð stóð lengur en reglur heimiluðu.

5.8 Eftirlit með hvalveiðum

Eftirlit með hvalveiðum er fyrst og fremst fólgið í skoðun á skipum og veiðibúnaði, veiðiaðferðum, mælingaraðferðum, sýnatökum og að veiðarnar séu stundaðar á leyfilegum svæðum.

Eftirlitsmenn ganga úr skugga um að tiltekin skilyrði fyrir leyfi til hrefnuveiða séu uppfyllt. Þau eru að einn úr hverri áhöfn hafi reynslu af hrefnuveiðum, að skyttur sem annast veiðar og aflifun dýra hafi sótt viðurkennt námskeið í meðferð skutulbyssa, sprengiskutla og aflifunaraðferðum við hvalveiðar, auk þess að hafa fullnægjandi skotvopnaleyfi. Einnig skal hrefnuveiðiskip útbúið sérstökum búnaði til veiðanna. Þá fara þeir í veiði-

ferðir með veiðiskipum til að athuga hvort veiðarnar séu stundaðar samkvæmt gildandi lögum og reglum. Eftirlitsmenn Fiskistofu fóru tvær veiðiferðir með hrefnuveiðibátum og í þeim ferðum voru veiddar 3 hrefnur. Auk þess aðstoðaði Fiskistofa eftirlitsmann frá NAMMCO (Norður Atlantshafssjávarspendýraráðinu) sem fór í eina veiðiferð þar sem veiddar voru 2 hrefnur. Alls veiddust 60 hrefnur árið 2010.

Eftirlit með langreyðarveiðum felst í að fara veiðiferðir með skipum og hafa eftirlit í landstöð þar sem hvalur er unninn í því skyni að gera athuganir á því hvort unnið sé samkvæmt gildandi lögum og reglum varðandi hvalveiðar. Farið var í fjórar veiðiferðir með hvalveiðiskipum og í þeim ferðum voru veiddar 6 langreyðar. Fiskistofa aðstoðaði eftirlitsmann frá NAMMCO í tveimur veiðiferðum, þar sem veiddar voru 3 langreyðar. Í tvö skipti var farið til sérstaks eftirlits í hvalstöð. Alls veiddust 148 langreyðar árið 2010.

Í einu tilviki var afladagbók ekki skilað og í tveimur tilvikum bárust upplýsingar um að veitt dýr bæri merki um mjólk í júgrum.

5.9 Eftirlit með lax- og silungsveiðum

Eftirlit Fiskistofu með málefnum sem snerta lax- og silungsveiði á árinu 2010 var þríþætt. Í fyrsta lagi var fylgst með því við strendur landsins að bann við laxveiðum í sjó væri virt og netaveiðar á silungi í samræmi við lög og reglugerðir. Í öðru lagi að netaveiði í ám, þar sem hún er enn stunduð, fylgi settum reglum og í þriðja lagi að ákvæði laxveiðilaganna um malartekju og framkvæmdir við ár og vötn væru haldin. Áhersla var lögð á eftirlit með ólöglegum silunganetslögnum í Borgarfirði en nokkuð bar á þeim auk ólöglegra netalagna almennt. Eftirlitsmenn á vegum Fiskistofu höfðu eftirlit og skrásettu efnistöku í og við veiðiár, sérstaklega á Vesturlandi og Fiskistofa kostaði að hluta eftirlit úr flugvél með strandlengju Hvalfjarðar og Borgarfjarðar. Eftirlitsmenn Fiskistofu fylgjast auk þessa með lax- og silungsveiði í sjó og meðafla við aðrar veiðar.

5.10 Fiskeldi

Almennt eftirlit fer fram með fiskeldisstöðvum og voru nokkrar fiskeldisstöðvar heimsóttar í því skyni, bæði þorsk- og bleikjueldisstöðvar. Eftirlit var haft með föngun fiskis til áframeldis og flutningi hans í kvíar. Enn fremur var fylgst með staðsetningu, ástandi og fjölda kvía ásamt slátrun á eldisfiski ásamt skilum á framleiðsludagbókum. Þá var safnað árlegum framleiðslutölum vegna eldis í laxfiskum. Til starfsrækslu fiskeldisstöðva þarf rekstrarleyfi sem Fiskistofa veitir. Árið 2010 voru gefin út 17 ný rekstrarleyfi, auk þess sem 5 leyfi voru endurnýjuð. Í einu tilviki var umsækjanda synjað um rekstrarleyfi og eitt leyfi var afturkallað. Rekstrarleyfi í gildi við árslok 2010 voru samtals 40 talsins. Fyrir liggur að enn vantar nokkuð upp á að útgáfu rekstrarleyfa verði lokið þannig að allar starfandi fiskeldisstöðvar séu með gilt rekstrarleyfi.

5.11 Bakreikningar

Bakreikningar fara fram með þeim hætti að afurðir fiskvinnslustöðva á tilteknu tímabili eru reiknaðar til afla miðað við nýtingu í viðkomandi fiskvinnslustöð. Þannig er fundið út hve mikinn afla hafi þurft á tímabilinu til framleiðslu þeirra afurða sem unnar voru. Niðurstöðurnar eru í kjölfarið bornar saman við upplýsingar um það magn afla sem var löglega veginn til viðkomandi fiskvinnslustöðvar. Á grundvelli samanburðarins er lagt mat á hvort ólöglegur sjávarafli, þ.e. afli sem ekki hefur verið rétt vigtaður og skráður til aflamarks fiskiskips, hafi verið unn-



inn hjá því fyrirtæki sem til skoðunar er. Mál þessi eru tímafrek og þarfnast umtalsverðrar gagnaöflunar og rannsóknavinnu.

Fjögur mál voru til rannsóknar á árinu, þar af voru tvö mál sem rannsókn var hafin á árið 2009. Einu máli var lokið með álagningu sérstaks gjalds vegna ólöglegs sjávarafli en því hefur verið skotið til sérstakrar úrskurðanefndar sem úrskurðar í málinu.



6. Útflutningur

Fiskistofa safnar upplýsingum um magn og verðmæti þess afla sem fluttur er ísaður og óunninn á erlenda fiskmarkaði. 40% samdráttur var í útflutningi sem þessum á milli áráanna 2010 og 2009 eða 20.789 tonn. Í upphafi árs var sett svo kallað útflutningsálag upp á 5% á afla sem fluttur er úr landi til endanlegrar vigtunar erlendis, að öðru leyti hafa reglur tengdar útflutningi sem þessum ekki tekið breytingum á árinu.

6.1 Lönd og magn

Í meðfylgjandi töflu má sjá yfirlit yfir útflutning eftir tegundum og löndum á afla sem fluttur var

út ísaður og óunninn 2010, hvort sem hann var endanlega vigtaður hérlandis eða erlendis. Minna er flutt út til allra landa samanborið við 2009, mestar eru breytingarnar til Belgíu þar sem meira en helmingi minnkun er á milli ára og til Bretlands en 2010 fór rúmlega 19.000 tonnum minna magn þangað en 2009 eða 45% minna í magni. Sé litið til fisktegunda er allstaðar minnkun nema í lýsu (19% aukning) og lúðu (7% aukning). Mest er minnkunin í þorski (-56%), hlýra (-59%) og grálúðu (-57%). Nánast ekkert er flutt út af keilu 2010 samanborið við 2009. (Tafla 6.1)

Tafla 6.1 Útflutningur á ónunnum fiski eftir sölu löndum 2009 og 2010

	Belgía		Bretland		Frakkland		Þýskaland		Önnur lönd	
	2009	2010	2009	2010	2009	2010	2009	2010	2009	2010
Þorskur	2.1	12.9	8,302.8	3,629.8	0.2	0.6	18.4	3.2	52.8	14.9
Ýsa	23.5	8.7	19,216.2	9,459.1	138.0	0.2	3.8	0.4	4.0	0.4
Ufsi	13.1	7.4	171.8	47.8			851.7	540.3		
Lýsa	19.8	1.8	866.4	1,048.4	5.8	14.7	5.0	0.4		
Karfi / Gullkarfi	438.9	205.0	2,742.7	1,464.2	553.8	728.3	4,907.9	5,775.5	16.3	24.7
Langa	6.3	2.7	539.1	269.4	40.0	20.6	51.1	10.4	381.3	190.6
Blálanga	149.7	77.0	691.1	643.4	131.2	95.0	150.0	183.4	2.0	1.6
Keila	4.7	0.1	88.9	11.5	1.6	0.3	6.1	6.1		
Steinbitur	9.6	5.3	2,599.8	1,537.6	252.5	171.3	292.3	383.8	136.1	38.6
Úthafskarfi			85.1	37.1			287.2	278.0		
Hlýri			207.3	36.9	0.7	3.0	110.8	91.1		
Skötuselur	7.0		2,230.2	1,896.7	1.2	21.0	42.0	45.6	1.3	102.1
Háfur	15.5	2.3	58.1	42.1			0.2	0.2		
Lúða	3.6		188.8	209.9		1.0	2.2	1.4	7.3	4.5
Grálúða	100.0	38.0	475.3	197.5	0.4		2.5	1.0		15.3
Skarkoli	6.9	1.2	2,601.6	1,957.2		0.3	3.5	1.8	4.4	1.3
Þykkvalúra	23.3	4.7	1,277.4	881.0		1.1	4.6	4.0	2.2	
Langlúra			70.8	34.8			0.2		0.8	
Skráþflúra	0.4	0.9	75.1	34.8			0.7	0.1		
Djúpkarfi				18.4		47.1	3,040.5	1,391.8		1.6
Annað	6.3	16.1	47.4	32.3	0.0	0.0	1.0	0.6		
Heildarmagn	830.6	384.1	42,536.0	23,489.9	1,125.5	1,104.6	9,781.9	8,719.2	608.6	395.7

Magn í tonnum upp af óslægðum afla.



Tafla 6.2 Samanburður á útflutningi á ónunnum fiski eftir því hvort fiskurinn er endanlega vigtaður á Íslandi eða erlendis

	Bretland - vigtað			Bretland - óvigtað			Þýskaland - vigtað			Þýskaland - óvigtað		
	2009	2010	Breyting	2009	2010	Breyting	2009	2010	Breyting	2009	2010	Breyting
Porskur	1,380.1	895.4	-35%	6,922.7	2,734.4	-61%	4.4	1.7	-61%	14.0	1.4	-90%
Ýsa	3,455.1	2,053.7	-41%	15,761.1	7,405.4	-53%	0.7			3.1	0.4	-87%
Ufsi	6.6	7.6	16%	165.3	40.1	-76%	783.7	510.4	-35%	68.0	29.9	-56%
Lýsa	9.2	7.2	-22%	857.3	1,041.2	21%				5.0	0.4	-92%
Gullkarfi	232.2	332.5	43%	2,510.5	1,131.7	-55%	4,038.2	4,234.8	5%	869.7	1,540.8	77%
Langa	120.5	53.4	-56%	418.6	216.0	-48%	41.2	4.1	-90%	9.9	6.4	-36%
Blálanga	176.6	91.1	-48%	514.6	552.2	7%	16.1	80.0	398%	133.9	103.5	-23%
Keila	15.6	3.6	-77%	73.3	7.8	-89%	3.6	4.0	11%	2.5	2.1	-14%
Steinbítur	991.9	723.8	-27%	1,607.9	813.8	-49%	277.2	346.7	25%	15.1	42.6	182%
Úthafskarfi				85.1	37.1	-56%				287.2	278.0	-3%
Hlýri	2.9	14.2	386%	204.4	22.7	-89%	109.8	89.7	-18%	1.1	1.4	30%
Skötuselur	1,681.7	1,570.5	-7%	548.5	326.2	-41%	6.5	3.8	-42%	35.5	41.8	18%
Háfur	15.3	11.5	-25%	42.8	30.7	-28%		0.2		0.2		
Lúða	107.4	120.0	12%	81.4	89.9	10%	0.5	0.2	-56%	1.7	1.2	-30%
Grálúða	103.1	67.3	-35%	372.2	130.2	-65%	2.5	0.7	-72%		0.3	
Skarkoli	676.7	641.7	-5%	1,925.0	1,315.5	-32%	1.6		-100%	1.9	1.8	-6%
Þykkvalúra	178.6	221.0	24%	1,098.8	660.1	-40%	2.2	3.6	58%	2.4	0.5	-80%
Langlúra	8.4	1.2	-86%	62.3	33.6	-46%				0.2		
Skrápflúra	25.0	15.3	-39%	50.1	19.5	-61%				0.7	0.1	-84%
Djúpkarfi					18.4		903.8	829.1	-8%	2,136.6	562.7	-74%
Samtals	9,187.0	6,830.9	-26%	33,301.6	16,626.7	-50%	6,192.0	6,108.8	-1%	3,588.8	2,615.4	-27%

Magn í tonnum af óslægðum afla.

Heimilt er að flytja fisk sem ekki hefur verið endanlega vigtaður til afla- og aflaheimildaskráningar á Íslandi fyrir útflutning á markaði erlendis með sérstaka viðurkenningu Fiskistofu til þess að ljúka vigtun aflans. Markaðir með slík leyfi eru á 4 stöðum; Grimsby og Hull í Bretlandi, Bremerhaven í Þýskalandi og Toftum í Færeyjum en þar var ekki vigtaður afli 2010. Í meðfylgjandi töflu má sjá samanburð á magni sem flutt er á þessa markaði endanlega vigtað á Íslandi (vigtað) og þess sem er endanlega vigtað á hverjum markaði (óvigtað). (Tafla 6.2)

Líkt og sjá má í töflunni hefur verið meiri samdráttur í útflutningi á ónunnum afla sem er endanlega vigtaður erlendis en útflutningi á ónunnum afla endanlega vigtuðum á Íslandi og meiri minnkun er til markaða í Bretlandi en til Þýskalands. Það skýrist helst í því að ýsa og þorskur eru þær tegundir sem mest eru fluttar til Bretlands og er mikil minnkun í útflutningi þeirra þegar karfi er sú tegund sem helst er flutt til Þýskalands og útflutt magn karfa stendur nánast í stað á milli ára. Magn í karfa og djúpkarfa kann að bera þess merki að fram til 1. september 2010 var um eina kvótategund að ræða en frá þeim tíma eru þær tvær aðskildar kvótategundir, sem útskýrir þá aukningu í útflutningi á gullkarfa til móts við minnkun í djúpkarfa.

6.2 Fjölnet

Samkvæmt reglum um vigtun sjávarafra og útflutning á ónunnum og ísuðum afla ber skylda til að bjóða afla sem ekki er endanlega vigtaður á Íslandi upp á opnum uppboðsvef uppboðsmarkaðar fyrir sjávarafra, á Fjölnetinu s.k. Fiskistofu ber að fylgja því eftir að upplýsingar um þennan

afla berist til fiskmarkaða auk þess sem Fiskistofa miðlar á heimasíðu sinni upplýsingum um afla sem boðinn er upp á Fjölneti auk meðal umbeðins lágmarksverðs og hæsta og lægsta umbeðna lágmarksverðs. Á árinu 2010 voru 13.431 tonn boðinn upp á Fjölneti, þar af seldust um 78 tonn til vinnslu innanlands, að verðmæti 23.296.625 króna.

6.3 Veði- og vinnsluvottorð

Þann 1. janúar 2010 gengu í gildi ákvæði ESB um þá skyldu að öllum afla fluttum inn á markaðs-svæði sambandsins fylgdu veðivottorð. Þessi vottorð eru þess efnis að stjórnvöld fánaríkis veiðiskips staðfesta að sá afli eða afurðir sem um ræðir hafi verið löglega veiddar. Auk þess ber að gera vinnsluvottorð fyrir allan afla sem unninn er á Íslandi af erlendum skipum. Undirbúningur fyrir gildistöku þessara reglna fór fram 2009, og var þá undirritað samkomulag á milli Íslands og ESB um framkvæmd við útgáfu veðivottorða. Þann 1. janúar 2010 fór Fiskistofa að staðfesta veðivottorð rafrænt og taka á móti vinnsluvottorðum til staðfestingar. Alls fengu 193 notendur aðgang að veðivottorðakerfinu 2010 og staðfest voru **26.042** veðivottorð. Farið var yfir **825** vinnsluvottorð á árinu sem felur í sér að kanna veðivottorð fánaríkisins sem eiga að fylgja hráefninu inn í landið og staðfestingu þeirra auk þess að staðfesta að afurðirnar sem verið er að endurútflytja hafi verið unnar af vinnslu með tilskilinn leyfi.

Eitt mál tengt veðivottorðum kom upp á árinu þar sem til stóð að flytja út afla sem hefði átt að landa og skrá á hafnarvog en ekki hafði verið gert auk þess sem veiðiskipið hafði ekki tiltekið leyfi til veiðanna.

7. Lax- og silungsveiði

Meginhlutverk Fiskistofu á sviði lax- og silungsveiða er að stuðla að sjálfbærri nýtingu laxfiska í ám og vötnum og vernda búsvæði þeirra í samvinnu við eigendur veiðiréttar og veiðifélög. Fiskistofa ber einnig ábyrgð á því að stofnun veiðifélaga og starfsemi þeirra sé í samræmi við lög um lax- og silungsveiði. Flest þessara verkefna eru afgreidd á lax- og silungsveiðisviði stofnunarinnar og eftir atvikum í samráði við lögfræðinga Fiskistofu.

7.1 Málefni veiðifélaga og fiskræktarsjóðs

Fiskistofa ákvarðar félagssvæði veiðifélags í samráði við viðkomandi hagsmunaaðila og sér um að láta

Fiskræktarsjóður er sjálfstæður sjóður, sem hefur það hlutverk að veita lán og styrki til að efla fiskrækt, bæta veiðiaðstöðu og styðja við rannsóknir í ám og vötnum. Veiðifélög og veiðiréttareigendur greiða 2 % gjald af arði til sjóðsins en að öðru leyti byggja tekjur sjóðsins á ávöxtun á eigin fé, sem skal vera 270 milljónir króna. Samkvæmt lögum nr. 72/2008 um Fiskræktarsjóð skal Fiskistofa annast álagningu og innheimtu gjalds frá veiðifélögum. Að öðru leyti fer stjórn sjóðsins með fjármál hans og úthlutar árlegum styrkjum vegna ýmissa verkefna.

Í eftirfarandi töflu koma fram úthlutanir Fiskræktarsjóðs til ýmissa verkefna á árinu 2010. (Tafla 7.1)

Tafla 7.1 Úthlutanir úr Fiskræktarsjóði 2010

Urmsækjandi	Heiti Verkefnis	Úthlutun
Veiðifélag Búðardalsár	Vegagerð meðfram Búðardalsár	150,000
Veiðifélag Langár	Lagfæra fiskveg sem lokið var við 1968	900,000
Veiðifélag Hofsrár og Sunnudalsár	Byggja fiskveg	5,000,000
Niels Zimsen	Byggja fiskveg	500,000
Mátis ohf og Veiðimálastofnun	Rannsóknir á farleiðum laxa með erfðafræði. Framhaldsumsókn (ár 2)	3,725,000
Laxfiskar ehf	Verkefni ætisslóð og gönguleið ísl.stórlaxa í sjó	1,900,000
Veiðifélag Jökulsár á Dal	Vegagerð og lagfæringar á aðgengi að veiðistöðum neðan við steinboga	250,000
Veiðifélag Miðfirðinga	Veiðivegir	600,000
Veiðifélagið Laxinn, Dalabyggð	Bæta fiskgengi Hvolsár og Staðarhólsár í Saurbæ í Dalasýslu	500,000
Veiðimálastofnun	Vöktun sjóbirtingsstofna Grenlækjar í Landbroti	500,000
Veiðimálastofnun	Rannsóknir á tilvist sæsteinsugu í íslensku lífríki	700,000
Veiðimálastofnun	Bleikjan í vatnakerfi Hvítár í Borgarfirði	1,000,000
Veiðimálastofnun	Framleiðslugeta áa,	4,000,000
Veiðimálastofnun	Lykilþættir í lífsferlum lax og bleikju í Vesturdalsá í Vopnafirði	500,000
Veiðifél.Laxár í Aðaldal og 3 aðrir aðilar	Átaksverkefni til styrkingar laxastofna í vatnakerfi Laxár í Aðaldal	700,000
Veiðifélag Grenlækjar	Vaka fiskteljari vegna vöktunar sjóbirtingsstofna Grenlækjar í Landbroti	500,000
Gunnar Skagfjörð Sæmundsson	Hestá í Öndarfirði: Uppbygging laxár	400,000
Veiðifélag Gljúfurá Borgarfirði	Mannvirkjagerð í Gljúfurá í Borgarnesi	500,000
Stangveiðifélag Patreksfjarðar	Sifflugerð og fiskvegur við útfall Sauðlauksdalsvatns	900,000
20+ ehf ábm.Guðmundur Ingvason	Sleppitjörn og vegaslóði við Tungudalsá í Fáskrúðsfirði	100,000
Samtals:		23,325,000


staðfesta samþykktir og arðskrár. Stofnunin hefur einnig úrskurðarvald, ef upp kemur ágreiningur innan félags um ákvarðanir félagsins og stjórnarhætti. Nokkur slík málefni bárust til Fiskistofu á liðnu ári, öll reyndust þessi mál mjög flókin og sum þannig vaxin að þau hæfðu ekki einföldum úrskurði Fiskistofu, sem ekki er áfrýjanlegur. Var því talið að leysa ætti slíkan ágreining fyrir dómstólum.

Á árinu voru staðfestar 6 samþykktir veiðifélaga og 3 arðskrár til birtingar í Stjórnartíðindum. Nokkuð hefur dregið úr birtingu nýrra samþykta enda flest stærri veiðifélaga komin með endurskoðaða samþykkt. Fjöldi minni veiðifélaga hefur þó ekki lokið þessu lögboðna ferli. Auk þess komu upp ýmis mál sem endurspeglar mikilvægi þess að verkaskipting sé mjög skýr milli deilda og móðurfélags á víðfeðmum vatnasvæðum til þess að forðast deilur og kærur.


7.2 Veiðiskýrslur og staða laxa- og silungastofna

Veiðimálastofnun safnar skýrslum um veiði á laxi og silungi í umboði Fiskistofu og gefur út árlega skýrslu. Samkvæmt þeim bráðabirgðatölum, sem stofnunin gaf út í október 2010, má áætla að stangveiði á laxi sumarið 2010 hafi verið um 75,500 laxar sem er um 1,4 % meiri veiði en 2009. Stangveiði á laxi 2010 er því næst mesta stangveiði, sem skráð hefur verið úr íslenskum laxveiðiám. Metárið í stangveiðinni er árið 2008 en þá veiddust 84.124 en af þeim voru 29.268 úr sleppingum gönguseiða. Á liðnu ári voru hinsvegar um 16.900 laxar veiddir í ám, þar sem meirihluti veiðinnar var upprunninn úr sleppingum gönguseiða. Stangaveiði laxa af náttúrulegum uppruna var því um 58.500 laxar, sem er mesti fjöldi stangveiddra náttúrulegra laxa sem skráður hefur verið hér á landi. Eins og fram kemur á mynd 7.2 eru miklar sleppingar á stangveiddu löxum og hefur hátt í fimmtingu verið sleppt aftur undanfarin 2 ár.

Mynd 7.2 Stangveiði á laxi á Íslandi á árunum 1974-2010. Gerður er greinarmunur á afla, því sem er veitt og sleppt og veiði úr sleppingum gönguseiða. Veiðitölur fyrir 2010 eru bráðabirgðatölur



Mynd 7.3 Netaveiði á laxi á Íslandi á árunum 1974-2010. Veiðitölur fyrir 2010 eru bráðabirgðatölur



Nokkur aukning varð einnig í netaveiði á laxi, sem að mestu kemur úr Ölfusá-Hvítá og Þjórsá. Próun stanga- og netaveiði á laxi er sýnd í eftirfarandi myndum (gögn frá Veiðimálamálastofnun okt. 2010). (Mynd 7.3)

7.3 Nýtingaráætlanir

Fjöl margar nýtingaráætlanir veiðifélaga eru til skoðunar hjá Fiskistofu. Í þeim koma fram þær reglur, sem veiðifélög hafa sett til að viðhalda sjálfbærni laxa- og silungastofna í ám og vötnum auk veiðiálags í fjölda leyfilegra stanga eða neta. Í samræmi við ákvæði laga er miðað við að stangarfjöldi sé bundinn til 8 ára en aðrar friðunaraðgerðir eru ótímabundnar og háðar ákvörðun veiðifélags á hverjum tíma. Lítið hefur borist af nýtingaráætlunum frá mörgum sjóbirtings- og sjóbleikjuám þar sem tíðkast að landeigendur selji stangir hver fyrir sínu landi og er þörf á úrbótum þar á.

7.4 Fiskræktarmál og undanþágur

Á afmælisráðstefnu stangaveiðifélaga um fiskræktarmál komu fram áhyggjur stangaveiðimanna af því að lítið eftirlit sé með sleppingum á seiðum í laxa- og sjóbirtingsár. Í erindi Árna Ísakssonar þar var sérstaklega fjallað um ákvæði laga nr. 58/2006 um fiskrækt en í lögum eru ýmis bannákvæði varðandi flutning á fiski milli vatnasvæði og sleppingar á seiðum af utanaðkomandi stofnum. Hinsvegar láð-

ist löggjafanum að setja nokkur viðurlög við brotum og er framfylging laganna því mjög erfið. Þar við bætist að sum ákvæði eru óskýr varðandi lögboðið ferli við umsóknir og undanþágur. Í kjölfarið var ákveðið að leita eftir því við sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið að lög um Fiskrækt verði endurskoðuð við fyrstu hentugleika.

7.5 Mannvirkjagerð og efnistaka

Viðurlög voru sett í lög um síðustu áramót vegna framkvæmda í og við veiðiár án lögboðinna heimilda en þeim hefur ekki verið beitt á þessu ári. Í staðinn hafa verið send út aðvörunarbréf og dreifibréf með fræðsluefni til veiðifélaga, sveitarfélaga, helstu stofnana og margra framkvæmdaaðila. Einnig voru sendar fréttatilkynningar til helstu fréttamiðla í dreifbýli. Fyrirhugað er að beita viðurlögum á næsta ári og kæra vegna alvarlegra brota. Eftirlitsmenn Fiskistofu eru mikið á ferð um landið og stofnunin er tilbúin að framfylgja þessum málum.

Varðandi minni háttar malartekju á stöðum, þar sem ekki er talið að lífríki skaðist, hefur verið gripið til þess ráðs að veita einstaka landeigendum heimild til lengri tíma, allt að 5 árum. Sama gildir um árlega lagfæringu á farvegum og veiðivegum og hafa nokkur veiðifélög fengið slíka heimild.

Á árinu 2010 voru afgreidd hátt í 50 erindi vegna

margvíslegra framkvæmda við ár og vötn, þar af 2 í tengslum við laxastiga.

7.6 Umsagnir vegna skipulagsmála

Sem leyfisveitandi í umhverfismálum er Fiskistofa umsagnaraðili til Orkustofnunar vegna leyfisveitinga og Skipulagsstofnunar vegna mats á umhverfisáhrifum varðandi margvíslegar framkvæmdir, sem áhrif geta haft á lífríki í ám og vötnum. Einnig leita sveitarfélög oft umsagnar vegna skipulags á byggð nærri veiðivötnum. Á árinu 2010 voru afgreidd um 20 erindi, sem tengjast slíkum umsögnum.

7.7 Veiðar laxfiska í sjó

Silungsveiði við Borgarnes

Þann 16. júní í sumar féll dómur í Borgarnesi í máli, sem höfðað var vegna brota á reglum, sem takmörkuðu netaveiðar á silungi við Faxaflóa á göngutíma laxa. Ein af meginforsendum dómsins var sú að opinberir aðilar hefðu ekki sýnt fram á að lax veiddist í silunganet. Fljótlega eftir dómsniðurstöðu lögðu netaveiðiaðilar silunganet við Borgarnes. Eftirlitsmaður fylgdist grannt með og stóð aðila að því að vera með silunganet full af laxi og var því ein af meginstöðum dómsins þegar fallin innan viku frá því hann var kveðinn upp. Í ljósi þessa dóms hefur Fiskistofa óskað eftir breytingum á lögum um lax- og silungsveiði sem styrkja lagastoðir Fiskistofu til að taka á slíkum málum.

Veiðar við brýr yfir firði

Víða hafa firðir verið þveraðir með uppfyllingum og brúm. Brýrnar eru yfirleitt staðsettar nærri landi, jafnvel innan netlaga viðkomandi sjávarjarða. Oft skapast kjöraðstæður til stangaveiði við brúarstöpla. Ef brúin er utan netlaga, þá eru lax- og silungsveiðar ólöglegar á slíkum stað bæði á stöng og í net. Ef annar brúarstólpinn er innan netlaga getur verið fyrir hendi réttur til stangaveiði á silungi við þann brúarstópla. Umræddar sjávarjarðir eru almennt utan veiðifélaga en geta í tengslum við þessi mannvirki fengið rétt til að nýta afrakstur ræktunar hjá veiðifélögum í fjarðarbotninum. Þessi mannvirkjagerð skapar því ný vandamál sem bregðast þarf við.

7.8 Gagnabanki um fiskmerkingar

Á árinu voru seld um 1100 útvortis slöngumerki til nokkurra aðila vegna merkinga á laxfiskum. Er þetta bæði rannsóknaraðilar, sem rannsaka fiska í ám og vötnum, og stangaveiði- eða veiðifélög vegna sleppinga á veiddum laxi í veiðiám. Viðkomandi aðilum er síðan gert skilt að skila inn til Fiskistofu skýrslu um notkun merkjanna. Einnig hafa verið seld útvortis merki til merkinga á klaklax í eldisstöðvum.

Á haustdögum 2009 og í byrjun árs 2010 bárust 700



örmerkjasnoppur til Fiskistofu og Veiðimálastofnunar til úrtöku á örmerkjum og lesturs þeirra vegna laxa, sem veiddir voru árið 2009, en þar af bárust 555 frá veiðimönnum ásamt 26 útvortis merkjum. Lesin merki eru síðan færð í gagnagrunn, sem borinn er saman við merkjagrunn til að fá nánari upplýsingar um sleppihópa, sem viðkomandi örmerki tilheyri. Viðkomandi merkjagrunnur er uppfærður eftir hvert ár og upplýsingar um árlegar merkingar sendar til Alþjóða Hafrannsóknaráðsins (ICES).

Úthlutað var til veiðimanna 5 veglegum verðlaunum úr verðlaunapotti vegna þeirra 581 merkja sem skilað var inn af veiðimönnum fyrir veiðiárið 2009. Verðlaunin samanstóðu að mestu af ýmis konar veiðivörum vegna stangaveiði. Tilgangur verðlaunanna er að auka skil á merkjum úr stangaveiði.

7.9 Fjölpjóða rannsóknir á löxum í sjó

Laxastofnum í Atlantshafi hefur hnignað á undanförunum áratugum. Þetta er mest áberandi í löndum í syðri hluta útbreiðslusvæðisins þ.e. á meginlandi Evrópu. Hinsvegar eiga öll lönd það sameiginlegt að stórlaxi þ.e. 2ja og 3ja ára í sjó hefur fækkað verulega, sérstaklega eftir 1994.

Fyrir 5 árum beitti Laxaverndarstofnunin (NASCO) sér fyrir fjölpjóðlegu verkefni, sem hafði það meginhlutverk að kanna afkomu og afdrif laxins eftir að hann kemur í sjó. Þetta verkefni, sem hófst árið



2005 hefur fengið vinnuheitið SALSEA (Salmon at Sea) og þar hafa Íslendingar verið þátttakendur eftir efnum og ástæðum. Verkefnið, sem að hluta hefur verið styrkt af 7. rammaáætlun EB, hefur að stórum hluta byggt á því að gera út rannsóknarskip til veiða á laxi af ýmsum stærðum í flotvörpur. Norðmenn og Færeyingar hafa haft samvinnu um að kanna alþjóðlegt svæði austur og norðaustur af Ísland, Írar og Skotar hafa kannað svæðin fyrir norðan Bretlandseyjar og Kanadamenn í samvinnu við Bandaríkin rannsakað svæðin við Nýfundnaland og Vestur-Grænland.

Upprunalega var áætlað að Íslendingar sæju um hafsvæðið umhverfis Ísland, aðallega milli Íslands og Grænlands, en ekki voru fyrir hendi fjármunir til að senda rannsóknarskip inn á þessi svæði. Hinsvegar virtust möguleikar á því að safna meðafla af laxi úr flotvörpuveiði, vinna úr þeim sýnum og kanna upprunaland laxanna með erfðafræðirannsóknnum.

Í byrjun sumars 2010, þegar ljóst var að mikið mundi verða veitt af makríl hér við land í flotvörpur, ákvað Fiskistofa að safna öllum þeim laxi, sem hægt væri að ná til úr meðafla við makríl- og síldveiðar. Sá lax yrði síðan nýttur til að rannsaka uppruna laxanna bæði með heimtum á merkjum og með erfðafræðilegum aðferðum. Snemma í júní

var merktum plastpokum dreift til eftirlitsmanna og þeirra útgerðaraðila, sem veiða makríl og síld í stærri flotvörpur, en fyrirhugað var að dreifa slíkum pokum á öll skip þegar reynsla hefði fengist af heimtum úr flotvörpuveiði. Í plastpokana skyldi setja hausinn af öllum veiddum löxum og tilgreina, hvort laxinn bæri útvortis merki. Plastpokarnir yrðu síðan frystir og skilað við hentugleika til Fiskistofu.

Samvinna tókst með Fiskistofu, Veiðimálastofnun og MATÍS um að þeir síðarnefndu mundu kanna upprunaland laxanna með erfðafræðirannsóknnum en það er hluti af SALSESA verkefninu. Þær niðurstöður munu verða birtar á yfirstandandi ári.

Þótt sjávarannsóknir séu ekki eitt af meginhlutverkum Fiskistofu, verður ekki um það deilt að umfang á meðafla ýmissa fisktegunda í stórvirk veiðarfæri hlýtur að vera eitt af hennar eftirlitsverkefnum. Stofnunin hefur einstakar aðstæður til að bregðast við og fylgjast með slíku verkefni, þar sem hún hefur eftirlitsaðila um borð í mörgum skipum og einnig í flestum löndunarhöfnum. Eftirlitsmenn stofnunarinnar hafa einnig víðtækar heimildir til eftirfylgni og hafa ræktað gott samstarf við mörg útgerðarfyrirtæki og sjómenn. Slík rannsókn verður því hvergi framkvæmd á jafn skilvirkan og hagkvæman hátt.

8. Meðferð mála og úrskurðir

Tafla 8.1 Fjöldi mála

Brotamál	2010	2009
Mál kærð til lögreglu	9	13
Áminningar er varða veiðileyfi	9	7
Veiðileyfasviptingar	9	8
Áminningar er varða vigtarleyfi	5	0
Afturkallanir vigtarleyfa	1	0
Veiðar umfram aflamark		
Boðaðar veiðileyfasviptingar, útsend símskeyti	2,044	2,090
Veiðileyfasviptingar vegna umframaflla	19	17
Vanskil á afladagbókum		
Sviptingar vegna vanskila á afladagbókum	51	13
Ógreiddar álagningar		
Sviptingar vegna ógreiddra álagninga	48	17

8.1 Leyfissviptingar

Á árinu 2010 hafði Fiskistofa með höndum, eftirfylgni með ákvæðum laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, og reglugerða sem settar eru á grundvelli þeirra, sem og eftirfylgni annarra laga og reglugerða er snúa að fiskveiðum.

Ekki var markverð aukning milli ára í fjölda brotamála sem voru til meðferðar. Brotamál voru 298 árið

vakin á því að tiltölulega fáar álagningar eru á bak við stærstan hluta þeirrar fjárhæðar sem lögð er á hverju sinni og hlutfall innheimtra álagninga á hverju ári miðað við fjölda er að meðaltali vel yfir 90%. (Tafla 8.2)

Fiskistofa hafði einnig með höndum álagningu gjalds vegna ólögmæts afla strandveiðibáta á árinu 2010. Þegar um strandveiðar ræðir er lagt á gjald sem nemur verðmæti þess afla sem var umfram

Tafla 8.2 Álagning og innheimta sérstaks gjalds vegna ólögmæts sjávaraflla

	2010	2009
Fjöldi mála á árinu	62	79
Fjöldi kærúrskurða	0	0
Mál kærð áfram til Úrskurðarnefndar skv. 6. og 7. gr. laganna	0	0
Mál borin undir dómstóla	0	0
Heildarálagning kr.	18,785,497	13,178,138
Heildarinnheimta kr.	Liggur ekki fyrir	5,857,986

að frátöldum sjálfstæðum bakreikningsrannsóknum. Í meðfylgjandi töflu kemur fram fjöldi mála sem kærður hefur verið til lögreglu eða leitt til beitingu stjórnsýsluviðurlaga. (Tafla 8.1)

8.2 Álagning og innheimta sérstaks gjalds vegna ólögmæts sjávaraflla.

Fiskistofa leggur á gjald vegna ólögmæts sjávaraflla á grundvelli laga nr. 37/1992, og annast innheimtu gjaldsins f. h. Verkefnasjóðs sjávarútvegsins. Ólögmætur sjávarafli er m.a. afli sem veiddur er án þess að viðkomandi skip hafi tilskildar aflaheimildir. Eitt af verkefnum Fiskistofu er að vinna markvisst að því að eftirlit og eftirfylgni komi í veg fyrir að skip haldi til veiða án aflaheimilda. Álagningum vegna ólögmæts sjávaraflla fækkaði nokkuð frá fyrra ári en heildarfjárhæð álagðs gjalds var aftur á móti hærri en árið áður, en á móti kemur að heildarfjárhæð álagninga 2009 var nokkuð lág miðað við meðaltal síðustu ára. Athygli er

650 þorskígildiskíló í veiðiferð, skipt hlutfallslega eftir tegundum. Lagt var á fyrir hvern mánuð fyrir sig og hverjum báti sem lenti í álagningu var send tilkynning þess efnis fyrir hvern mánuð, s.s. ein tilkynning á bát óháð fjölda veiðiferða þar sem afli var yfir 650 þorskígildiskíló í mánuði. Alls var um 632 tilkynningar að ræða og nam upphæð gjaldsins sem lagt var á 10.838.626 kr. sem greiðast í Verkefnasjóð sjávarútvegsins. Í meðfylgjandi töflu má sjá fjölda báta sem fengu álagningu eftir mánuðum og upphæð þess gjalds sem lagt var á þá. (Tafla 8.3)

Tafla 8.3 Álagningar í strandveiðum

Mánuður	Fjöldi álagninga	Heildarupphæð álagninga	Meðal álagning í mánuði
Mai	120	2,557,148	21,310
Júní	173	3,148,294	18,198
Júlí	175	2,950,596	16,861
Ágúst	164	2,181,588	13,302
Samtals	632	10,837,626	69,671



8.3 Leyfissviptingar vegna umframafla

Verkefni sem er tengt veiðum án aflaheimilda og álagningu gjalds vegna slíkra veiða er eftirlit með því að útgerðir fiskiskipa nýti aflaheimildir sínar í samræmi við ákvæði laga. Ef upplýsingar benda til þess að skip hafi veitt umfram aflaheimildir sínar í kvótabundinni fisktegund skal Fiskistofa tilkynna það útgerð og skipstjóra viðkomandi skips með símskeyti, en einnig er útgerðum sem gert hafa svo nefndan boðunarsamning við Fiskistofu tilkynnt um umframafla skipa þeirra með annað hvort tölvu- pósti eða faxesendingu.

Boðaðar leyfissviptingar vegna veiða umfram aflaheimilda taka gildi að þremur virkum dögum liðnum hafi fullnægjandi aflaheimildir ekki verið fluttar til viðkomandi skips innan þess tíma. Komi til veiðileyfissviptingar vegna þessa gildir hún þar

til fullnægjandi aflaheimildir hafa verið færðar á viðkomandi skip og Fiskistofa hefur tilkynnt um afturköllun sviptingarinnar.


Veiðileyfissviptingum vegna umframafla fjölgaði lítið á milli ára, en skeytasendingar drógust eilítið saman úr 2090 árið 2009 í 2044 árið 2010. Líkt og fram kemur í töflunni hér að framan sem sýnir fjölda mála þar sem beitt er stjórnsluviðurlögum má sjá á veiðileyfissviptingar vegna umframafla 2010 voru 19.

8.4 Fyrirspurnir og CITES

Fiskistofa safnar gögnum frá fjölmörgum ólíkum aðilum varðandi veiðar og vinnslu afla og skráir upplýsingar um aflaheimildir og flutning þeirra. Fiskistofa svarar öllum þeim fyrirspurnum sem heimilt er að svara samkvæmt upplýsinga- og persónuverndarlögum og berast stofnuninni. Leitast er við að hafa heimasíðu stofnunarinnar þannig að hægt sé að nálgast algengustu upplýsingar þar en alltaf þarf að sérvinna ákveðnar upplýsingar að beiðni aðila. Sú nýbreytni var höfð á árinu að allar sérunnar upplýsingar sem ekki fela í sér trúnaðarupplýsingar eru birtar á heimasíðu stofnunarinnar. Á árinu voru unnin svör við 335 fyrirspurnum samanborið við 384 fyrirspurnir 2009. Á myndinni má sjá skiptingu fyrirspurna eftir fyrirspyrjendum. (Mynd 8.4)

Frá árinu 2007 hefur Fiskistofa séð um útgáfu á leyfum til út- og innflutnings á afurðum sjávardýra sem heyra undir svonefndan CITES-samning. Á árinu 2010 gaf Fiskistofa út 22 slíka leyfi en á árinu 2009 voru þau 17 talsins.

Mynd 8.4 Fjöldi fyrirspurna eftir flokkum



9. Starfsmannamál

9.1 Starfsmannapróun

Hinn 31. desember 2010 voru fastráðnir starfsmenn Fiskistofu 77 talsins á 6 starfsstöðvum víðs vegar um landið auk höfuðstöðvanna í Hafnarfirði.


Starfsmannavelta Fiskistofu á árinu 2010 var 10,3%. Starfsmannavelta er skilgreind sem hlutfall þeirra starfsmanna sem hættu störfum á viðkomandi ári af heildarfjölda starfsmanna í árslok. Eftirtaldir starfsmenn létu af störfum á árinu: Árni Múli Jónasson, Guðmundur Þ. Sigurðsson, Hörður Arnþórsson, Inga Lára Pétursdóttir, Jón Ingi Hjaltalín, Kristján Ágúst Kristjánsson, Þór Guðmundsson og Þórbergur Torfason.

Einn starfsmaður Fiskistofu fékk launalaust leyfi á árinu 2010 og var Ólafur Sindri Helgason ráðinn tímabundið til afleysinga í hans stað.


Helsta auðlind Fiskistofu felst í breiðum hópi starfsmanna sem býr yfir fjölbreyttri menntun og mikilli reynslu. (Mynd 9.3).

9.2 Staðreyndir um starfsmenn


Meirihluti starfsmanna Fiskistofu eru karlar eða 74% starfsmanna. (Mynd 9.1)



Kynjahlutfall yfirstjórnenda hjá Fiskistofu varð jafnt í lok árs 2010. (Mynd 9.2).




Mynd 9.3 Menntun starfsmanna eftir kyni



* Háskólanám til 60 eininga (120 ECTS). ** Og aðrar sambærilegar prófgráður s.s. MBA, MPL, LL.M.
*** Menntun á framhaldsskólastigi sbr. verslunarskólapróf, sjúkraliðapróf o.fl.

Mynd 9.4 Aldursdreifing starfsmanna eftir kyni



Meðalaldur starfsmanna er 49,8 ár. (Mynd 9.4) (Mynd 9.5).

Meðal starfsaldur er sá tími sem einstaklingur hefur unnið hjá tilteknum aðila. Meðal starfsaldur starfsmanna hjá Fiskistofu er 9 ár. Ef þetta er skoðað með tilliti til kynja þá er meðal starfsaldur karla hjá Fiskistofu 9,7 ár en meðal starfsaldur kvenna er 6,8 ár. (Mynd 9.6) (Mynd 9.7).

9.3 Sérverkefni sumarið 2010


Vorið 2010 sótti Fiskistofa um styrki til Verkefnasjóðs sjávarútvegsins en sjóðurinn starfar samkvæmt lögum nr. 37/1992 um sérstakt gjald vegna ólögmeats sjávaraflla með síðari breytingum. Sjóðurinn er í vörslu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins og á að verja fé úr honum til rannsókna og nýsköpunar á sviði sjávarútvegs og til eftirlits með fiskveiðum. Fiskistofa sótti um styrki í sjóðinn vegna eftirfarandi verkefna: Fiskeldi, skráning VOR skýrslna, forritun tengd rafrænni stjórnýslu, skráning og gerð verkferla, rafrænt eftirlit með strandveiðum, veiðieftirlit (eftirliti með löndun, vigtun, skráningu og samsetningu aflu) og greining á löglegum álitafnum um auðkenningu í rafrænum samskiptum við Fiskistofu. Eftirtaldir einstaklingar voru ráðnir til sumarstarfa hjá Fiskistofu til að sinna fyrrgreindum verkefnum: Hrafnhildur Guðjónsdóttir, Gísli Páll Oddsson, Sigurður Rafn Borgþórsson, Elvar Helgason, Agnar Birkir Helgason, Indriði Björn Ármannsson, Egill Egilsson, Halldór Njálsson og Anna Tryggvadóttir.

Þess ber að geta að fyrrgreind verkefni tókust mjög vel og var einstaklega ánægjulegt að fá ferskan andvara með nýju fólki inn í stofnunina.


9.4 Starfsnám

Sumarið 2010 varð Fiskistofa við bón þýsks háskólana Jörn Banasiak um að fá að koma í tveggja mánaða launalaust starfsnám til Fiskistofu til að kynna sér það mikla og fjölbreytta starf sem framfer hjá stofnuninni í tengslum við fiskveiðistjórnun.


Mynd 9.5 Kynjahlutfall starfsmanna eftir sviðum



Mynd 9.6 Starfsaldur eftir kyni



Mynd 9.7 Menntun með tilliti til starfsaldurs





10. Samstarf

10.1 Innlent samstarf

Líkt og fram kemur í formála fiskistofustjóra er lögð áhersla á samstarf við aðrar stofnanir eftir því sem við verður komið á Fiskistofu. Er það bæði talið stuðla að bættri skilvirkni í verkefnum sem falla á milli stofnana og auknu hagræði í ríkisrekstri. Fulltrúar frá Fiskistofu sitja auk þess í fjölmörgum samstarfshópum sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins og frá árinu 2010 ber helst að nefna störf í ólíkum nefndum ráðuneytisins sem fjölluðu um makrílveiðar og –vinnslu Íslendinga, vigtarmál, málefni tengd strandsvæðaskipulagi við Ísland og nefndum sem fjölluðu um einstaka þætti í breytingum á fiskveiðistjórnunarkerfinu en Fiskistofa átt einn eða fleiri fulltrúa í þessum nefndum sem ýmist hafa lokið eða eru enn að störfum. Auk þess var forstöðumaður upplýsingasviðs starfsmaður starfshóps um endurskoðun fiskveiðistjórnunarkerfisins og sá um skrif skýrslu hópsins í samvinnu við starfsmann ráðuneytisins en sá starfshópur lauk störfum í september 2010. Sérfræðingar frá Fiskistofu tóku þátt í kennslu í formi gestafyrirlestra hjá Fiskvinnsluskólanum, Háskólanum á Akureyri og Háskóla Íslands á árinu 2010.

10.2 Samstarf á alþjóðavettvangi

Fiskistofa á fulltrúa í ýmsum samstarfsnefndum á vegum fjölþjóðlegra fiskveiðistofnana. Ferðadagar starfsmanna á vegum Fiskistofu 2010 voru 97 talsins eða 77 gistinætur. Farið var á fundi hjá eftirfarandi alþjóðastofnunum; Norðaustur Atlantshafs fiskveiðinefndinni (NEAFC), Norður Atlantshafs fiskveiðisamtökunum (NAFO), Alþjóðahafrannsóknarráðið (ICES), Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna (FAO) og Alþjóðahvalveiðiráðinu (NAMMCO). Farið var í eftirlitsferðir á fiskmarkaði með leyfi til endurvigtunar á íslenskum fiski í Englandi og Þýskalandi þar sem auk þess var fundað með markaðsmönnum og fiskkaupendum. Fiskistofa sendi fulltrúa á fundi nefndar eftirlitsmanna sem fjallar um eftirlit með uppsjávarveiðum og sóttar voru þrjár ráðstefnur um; fiskeldi, önnur sem fjallaði eingöngu um þorskeldi og sótt var vinnustofa um skráningu aflaupplýsinga við fiskveiðar.

Sérfræðingar frá Fiskistofu tóku ríkan þátt í svo kallaðri rýningu reglugerða vegna umsóknar Íslands um aðild að Evrópusambandinu (ESB). Verkefnið felur í sér yfirferð á regluverki ESB og samanburð við það íslenska. Yfir 300 gerðir voru rýndar á Fiskistofu og fóru fulltrúar frá Fiskistofu í allnokkrar ferðir til Brussel tengdar því. Sá kostnaður sem fellur til vegna þessarar vinnu og þeirra ferða starfsmanna sem koma til vegna þessa er



greiddur ýmist af sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu eða utanríkisráðuneytinu sem stýrir ferlinu vegna aðildarumsóknarinnar.

Haldinn var tvíhliða eftirlitsfundur með Færeyingum í Reykjavík þar sem undirritaður var nýr fjareftirlitssamningur og rætt almennt samstarf í eftirliti þjóðanna. Auk þess tóku fulltrúar frá Fiskistofu þátt í tvíhliða fundi milli Íslands og Rússlands sem haldinn var í Reykjavík og undirritað var fiskveiðisamkomulag þjóðanna.

Hópur eftirlitsmanna frá Noregi heimsótti Fiskistofu þar sem skipst var á upplýsingum um fiskveiðistjórnun og eftirlit. Fulltrúar sameiginlegs vinnuhóps Íslands, Noregs, Færeyinga og ESB um eftirlit með uppsjávarveiðum komu í tvígang og fylgdust með eftirliti Fiskistofu með löndun og vigtun uppsjávarafla. Auk þess tók Fiskistofa þátt í fjölda kynninga fyrir erlenda aðila til dæmis fyrir fulltrúa frá indverska sendiráðinu á Íslandi, kaupendum frá Kína, þingmannanefnd frá Grænlandi, forseta Maldavíeyja o.fl.



11. Tæknimál og hugbúnaðargerð

Tölvusvið þjónaði Hafrannsóknastofnuninni, Fiskistofu, skrifstofu rannsóknarstofnana atvinnuveganna og Verðlagsstofu skiptaverðs. Skráðir notendur voru 245, þar af 156 hjá Hafrannsóknastofnuninni, 79 hjá Fiskistofu, 9 hjá Skrifstofu rannsóknarstofnana atvinnuveganna og 1 hjá Verðlagsstofu. Nemandur Sjávarútvegsháskóla Sameinuðu þjóðanna voru 22 í lok ársins 2010.


Vinnustundir tölvusviðs á árinu voru 21.016 sem skiptust þannig að 7.923 fyrir Hafrannsóknastofnunina og 12.862 fyrir Fiskistofu og 231 fyrir aðrar stofnanir. (Mynd 11.1)

Í lok árs 2010 voru 491 tæki skráð á tölvunet stofnanna þriggja í Reykjavík, og Hafnarfirði. Auk þess voru 89 tæki skráð í hafrannsóknaskipunum Árna Friðrikssyni og Bjarna Sæmundssyni og í Grandaskála eru 29 tæki. Starfsstöðvar Fiskistofu á landsbyggðinni eru 6 með samtals 48 tæki og útibú Hafrannsóknastofnunar eru með 29 tæki. Heildarfjöldi tækja á tölvuneti stofnanna er 686.

Tölvubúnaður er margbreytilegur, en miðlarar kerfisins eru flestir frá SUN eða DELL og notendur eru ýmist með borðtölvur eða fartölvur.

Helstu verkefni tölvusviðs árið 2010, greind eftir stofnunum, koma fram í meðfylgjandi töflu.

Mynd 11.1 Skipting vinnustunda tölvusviðs eftir stofnunum



Helstu verkefni tölvusviðs árið 2010 eftir stofnunum

Fiskistofa	Hafrannsóknastofnunin	Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið
<ul style="list-style-type: none"> Vefur Fiskistofu var í stöðugri þróun allt árið, fjölmargar breytingar og viðbætur voru gerðar. 	<ul style="list-style-type: none"> Hafvog, fyrirspurnatöl (rallstöðvar), linux samhæfing og fleira. 	<ul style="list-style-type: none"> Tölvusvið sér um rekstur vefþjóns fyrir ráðuneytið.
<ul style="list-style-type: none"> Breytingar voru gerðar á millifærslu og framsalsheimildaútreikningi v/ reglugerðabreytinga. 	<ul style="list-style-type: none"> Nokkur endurnýjun varð á útstöðvum notenda. 	
<ul style="list-style-type: none"> Nýtt umframafla-gjaldtöku-álagningarkerfi v/ strandveiðibáta og nýtt úthlutunarkerfi v/ aflamarks frístundaveiðibáta var hannað á árinu. 	<ul style="list-style-type: none"> Uppsetningar og aðlögun á R tölfraeðiforriti, og kortagerðarforritum (GMT, mbsystem). 	
<ul style="list-style-type: none"> Afurðavigtun var bætti við í GAFL, og umsóknir um strandveiðileyfi voru gerðar rafrænar. 	<ul style="list-style-type: none"> Endurnýjun netmiðju og uppfærsla skrámiðlunarkerfa. 	
<ul style="list-style-type: none"> Weblogic þróunarumhverfi endurnýjað, forrit og vélbúnaður, og Lotus Notes umhverfi var uppfært. 	<ul style="list-style-type: none"> Lotus Notes umhverfi var uppfært. 	

Sjávarútvegsháskóli SP.	Skrifstofa rannsóknarstofnana	Hafrannsóknaskip
<ul style="list-style-type: none"> Rekstur tölvukerfis skólans. 	<ul style="list-style-type: none"> Rekstur tölvukerfis skrifstofunnar. 	<ul style="list-style-type: none"> Rekstur tölvukerfa um borð í Árna Friðrikssyni og Bjarna Sæmundssyni.
<ul style="list-style-type: none"> Allar tölvur nemenda voru endurnýjaðar, settar upp með Windows stýrikerfi, og Microsoft Office hugbúnaði. 	<ul style="list-style-type: none"> Nokkur endurnýjun var á tölvum hjá notendum. 	<ul style="list-style-type: none"> Töluverð endurnýjun var á tölvubúnaði í báðum skipunum.
<ul style="list-style-type: none"> Aðstoðað við val og uppsetningu fjarfundabúnaðar fyrir skólann. 		<ul style="list-style-type: none"> Skipt var um server og útstöðvar í Árna Friðrikssyni.



12. Rekstraryfirlit

Samkvæmt reikningum stofnunarinnar á árinu 2010 námu gjöld Fiskistofu tæplega 811,6 milljónum króna.

Sértekjur stofnunarinnar voru 43,7 milljónir, markaðar tekjur voru 61,6 milljónir en framlag ríkissjóðs var 730,2 milljónir og rekstrarafgangur ársins 2009 sem fluttur var á milli ára nam 83,3 milljónum. Afkoma ársins var því jákvæð um rúmar 107,2 milljónir.

Launakostnaður stofnunarinnar á árinu 2009 var tæplega 602 milljónir, ferða-, funda- og dvalarkostnaður var rúmlega 30 milljónir, rekstrarkostnaður 11,7 milljónir, ýmiss kostnaður vegna þjónustu s.s. síma, prentun, póst, tölvu- og kerfisfræðiþjónustu tæpar 67 milljónir. Húsnæðiskostnaður stofnunarinnar var rúmar 72,8 milljónir, rekstur bifreiða rúmar 10,5 milljónir og eignakaup voru 17,1 milljónir en á árinu voru keyptar 3 nýjar bifreiðar og selja átti 3 eldri bifreiðar á móti. Um áramót átti þó enn eftir að selja eina bifreið. (Tafla 12.1) (Mynd 12.2) (Mynd 12.3)

Tafla 12.1


Gjöld	2010	2009
Laun og launatengd gjöld	601,812,863	589,805,305
Akstur ferða og dvalarkostn.	30,325,678	35,299,134
Rekstrarvörur	11,713,660	9,558,984
Þjónusta	66,938,363	46,191,830
Húsnæði	72,797,775	61,951,374
Bifreiðar	10,553,679	10,878,967
Eignakaup	17,140,667	9,109,724
Vextir, bætur, tilfærslur	304,443	1,130,781
Samtals gjöld	811,587,128	763,926,099

Tekjur	2010	2009
Sértekjur	43,687,811	34,038,619
Markaðar tekjur	61,633,699	57,058,134
Framlag ríkissjóðs	813,500,000	758,400,000
Samtals tekjur	918,821,510	849,496,753


Rekstrarafgangur	2010	2009
	107,234,382	85,570,654

Um bráðabirgðatölur er að ræða

Mynd 12.2



Mynd 12.3



13. Starfsmenn Fiskistofu 31. desember 2010

Eyþór Björnsson, fiskistofustjóri

Fiskveiðistjórnunarsvið

Skrifstofa í Hafnarfirði

Anna Þormar
Auðunn Ágústsson
Áslaug Eir Hólmgeirsdóttir
Björn Hansson
Björn Jónsson
Brynja Guðný Magnúsdóttir
Guðmundur Jóhannesson
Gunnar Alexandersson
Heiða Rafnsdóttir
Hrefna Gísladóttir, forstöðumaður
Jóhanna Vilhjálmsdóttir
Jón Valgeir Guðmundsson
Þórhallur Ottesen

Eftirlit í Hafnarfirði

Birgir Smári Karlsson
Birgir Þorbjarnarson
Hólmgeir Hreggviðsson
Ingólfur H. Kristjánsson
Ómar Þórsson
Rúnar Jónsson
Sigurður Hjálmarsson

Starfsstöð á Akureyri

Árni Dan Ármannsson
Einar Guðmundsson
Gunnar Hallgrímur Sigurðsson, svæðisstjóri
Matthías Sigurpálsson
Rúnar Hafberg Jóhannsson

Starfsstöð í Grindavík

Eyþór Þórðarson, svæðisstjóri
Ragnar K. Guðmundsson
Sigurpáll Sigurbjörnsson
Örn S. Holm

Starfsstöð á Höfn

Heimir Sigurður Karlsson
Ólafur Vilhjálmsson
Sævar Guðmundsson, svæðisstjóri

Starfsstöð á Ísafirði

Benedikt Bjarnason, svæðisstjóri
Hjalti Þórðarson

Starfsstöð í Stykkishólmi

Björgvin Guðmundsson, svæðisstjóri
Sigurður Arnar Þórarinnsson

Starfsstöð í Vestmannaeyjum

Ingólfur Ingólfsson
Jóna Sigríður Guðmundsdóttir

Eftirlit með fullvinnsluskipum

Ingibergur Sigurðsson
Lína Hildur Jóhannsdóttir
Pétur Sævarsson
Sigurður Ásgeirsson
Sigurður Dagbjartsson

Fjármála- og rekstrarsvið:

Erna Valgeirsdóttir
Karítas Margrét Jónsdóttir, forstöðumaður
Marín Elísabet Samúelsdóttir
Ólöf Skúladóttir
Þórður Ásgeirsson

Lax- og silungsveiðisvið:

Árni Ísaksson, forstöðumaður
Sumarliði Óskarsson

Yfirlögfræðingur

Gísli Rúnar Gíslason, forstöðumaður

Starfsmanna- og gæðasvið

Agnar Birkir Helgason
Alma Sigurðardóttir
Inga Þóra Þórisdóttir, forstöðumaður

Tölvusvið:

Steingrímur Guðjónsson, forstöðumaður

Hugbúnaðardeild

Baldvin Baldvinsson
Björn Darri Sigurðsson
Brynjólfur Þórisson
Hreinn F. Arndal
Ingvar Örn Guðjónsson
Sveinn Halldór Oddsson Zoëga
Vilhjálmur Hallgrímsson

Kerfisdeild

Björn Guðjónsson
Gunnar Örvarsson
Már Aðalsteinsson
Svavar Ottesen Berg
Viktor Þórir Ström

Upplýsingasvið:

Elínbjörg Ingólfssdóttir
Guðbjörg Erla Ingólfssdóttir
Helga Sigurrós Valgeirsdóttir, forstöðumaður
Indriði Björn Ármannsson
Jón Már Halldórsson
Sigurbjörg Guðmundsdóttir
Sigurjón Aðalsteinsson (í launalaus leyfi)
Sjöfn Kristjánsdóttir
Þórunn Margrét Jónasdóttir